

# Úttekt á rannsóknum á sviði fræðslu- og menntamála

## ATHUGUN 4 Þróun fræðslumála í atvinnulífi

Ingibjörg Kaldalóns og Allyson Macdonald

Maí 2005

Unnið fyrir  
Rannsóknamiðstöð Íslands og menntamálaráðuneytið

## ÚTTEKT Á RANNSÓKNUM Á SVIÐI FRÆÐSLU- OG MENNTAMÁLA

Úttektin er fjórar sjálfstæðar athuganir:

1. Menntarannsóknir í íslenskum háskólum
2. Stofnanatengdar menntarannsóknir
3. Þróunarverkefni í íslenskum skólum
4. Þróun fræðslumála í atvinnulífi

Auk þeirra eru samantektir á íslensku og á ensku.

Hver skýrsla og samantekt er sjálfstæður hluti og er aðgengileg á vefslóðinni:

<http://www.rannis.is/rannsoknir-menntamal>

Rannsóknamiðstöð Íslands og menntamálaráðuneytið stóðu að fjármögnun úttektarinnar.

Auk þeirra styrktu eftirtaldir aðilar úttektina:

Kennaraháskóli Íslands, Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri og Starfsafli.



ÁGRIP.....	205
I. INNGANGUR.....	207
I. 1. Skilgreining á menntarannsóknum	
I. 2. Gagnasöfnun	
I. 2. 1. Viðtalsrannsókn	
I. 2. 2. Birtum niðurstöðum menntarannsókna safnað	
1. 2. 3. Málþing	
II. VETTVANGURINN.....	210
II. 1. Fræðsluaðilar á vettvangi	
II. 1. 1. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	
II. 1. 2. Starfsgreinaráð	
II. 1. 3. Starfsmenntaráð – Starfsmenntasjóðir	
II. 1. 4. Stéttarfélög	
II. 1. 5. Atvinnurekendur	
II. 1. 6. Aðrir aðilar	
II. 2. Samstarf í menntamálum	
II. 2. 1. Samvinna og samráð	
II. 2. 2. Fræðslumiðstöðvar starfs- og atvinnugreina	
II. 2. 3. Fræðslusjóðir	
II. 2. 4. Mímir – símenntun	
II. 2. 5. Samstarf á samkeppnismarkaði?	
II. 3. Hver ber ábyrgð á menntun?	
II. 3. 1. Menntunarmöguleikar	
II. 3. 2. Ábyrgð atvinnurekenda	
II. 3. 3. Ábyrgð á upplýsingamiðlun	
II. 3. 4. Ábyrgð einstaklingsins	
III. EÐLI OG UMFANG RANNSÓKNA.....	219
III. 1. Flokkun rannsókna	
III. 1. 1. Kostunaraðilar	
III. 1. 2. Rannsóknarsvið	
III. 1. 3. Aðferðir	
III. 2. Dreifing	
III. 3. Samstarf um rannsóknir	
IV. TENGL ATVINNULÍFS VIÐ HÁSKÓLA OG FRÆÐI .....	225
IV. 1. Rannsóknir vísindanna vegna	
IV. 2. Tengsl bundin einstaklingum	
IV. 3. Aukin tengsl	
IV. 4. Rekstur háskóla í samvinnu við atvinnulíf	
IV. ÁKVARÐANIR UM MENNTUN Í ATVINNULÍFINU.....	230
V. 1. Hagnýtar rannsóknir	
V. 2. Samstarf stefnumótunaraðila	
V. 3. Stefnumótunarstarf og notkun rannsókna	
V. 3. 1. Notkun rannsókna og áhrif	
V. 3. 2. Dæmi	
V. 3. 3. Ólíkt umhverfi	
VI. SAMANTEKT OG UMRÆÐUR.....	236
VII. ÁLITAMÁL .....	237
FYLGISKJAL .....	239

**TÖFLUR**

Tafla 1.	Efnisþættir í menntarannsóknum (Holbrook o.fl., 2000) .....	208
Tafla 2.	Yfirlit yfir innsend gögn .....	209
Tafla 3.	Kostunaraðili sem stendur að baki birtingar 1998–2003 .....	220
Tafla 4.	Aðsetur kostunaraðila 1998–2003 .....	220
Tafla 5.	Birtingar rannsókna í atvinnulífi – Rannsóknarsvið 1998–2003 .....	221
Tafla 6.	Birtingar rannsókna í atvinnulífi – Skólastig – 1998–2003 .....	221
Tafla 7.	Aðferðafræði rannsókna í atvinnulífi 1998–2003 .....	221
Tafla 8.	Birtingarform .....	222
Tafla 9.	Fjöldi höfunda sem standa að hverri birtingu .....	224
Tafla 10.	Skilgreining rannsókna .....	230

**MYNDIR**

Mynd 1.	Markhópur rannsókna í atvinnulífi í birtingum .....	231
---------	---	-----

## ÁGRIP

### Markmið

Að kortleggja umfang og eðli rannsókn- og nýsköpunarstarfs á sviði fræðslu- og menntamála í stofnunum og fyrirtækjum.

Að skoða stöðu rannsakenda í stofnunum með hliðsjón af ólíkum markhópum.

Að varpa ljósi á þýðingu og notagildi rannsókna við ákvarðanatöku.

### Gagnasöfnun og greining gagna

Viðtöl voru tekin við valda aðila sem koma að fræðslu- og menntamálum í atvinnulífinu (hagsmunasamtök, stéttarfélög, ráðgjafar), samtals 10 viðtöl við 12 aðila.

Leitað var til 100 aðila um rannsóknir, um 40 beintengdir atvinnulífinu. Upplýsingar frá 30 aðilum voru notaðar; sex starfsgreinaráðum, fimm sí- og endurmenntunaraðilum, fernum stærstu samtökum atvinnulífs, launþega og atvinnurekenda, tíu öðrum stofnunum og stórfyrirtækjum og fimm helstu rannsóknarfyrirtækjum og stofnunum sem sinna rannsóknum á menntamálum í atvinnulífinu.

Samtals söfnuðust 64 birtingar hjá þessum aðilum.

### Framkvæmd

Rannsóknarfyrirtæki framkvæmdu um þriðjung þeirra verkefna sem var safnað. Í öðrum verkefnum voru viðkomandi stofnanir/fyrirtæki eða aðilar á þeirra vegum nefndir sem framkvæmdaraðilar. Í 59% tilvika voru stofnanirnar og fyrirtækin skráðir höfundar í stað tiltekinna einstaklinga. Lítið var um samstarf um rannsóknir. Af 64 innsendum birtingum reyndust einungis sex vera unnar í samstarfi stofnana/fyrirtækja.

Megindlegar aðferðir voru notaðar talsvert meira en eigindlegar og sjá mátti að spurningalistakannanir sem og greining eigindlegra og megindlegra gagna voru mest notuðu aðferðirnar við öflun og greiningu gagna.

Yfirgnæfandi meirihluti birtinga meðal stofnana og fyrirtækja í atvinnulífinu var í formi skýrslna. Stór hluti upplýsingaöflunar á vettvangnum kom ekki fram í formlegri birtingu heldur var notaður sem „vinnuþlög“. Ef um var að ræða stærri verkefni og rannsóknir var lögð áhersla á viðtæka kynningu.

## Ábyrgð

Unnið hefur verið að því (m.a. á vettvangi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins) að tengja menntun á vinnumarkaði við hið formlega skólakerfi. Það vekur spurningar um hver beri ábyrgð á menntun einstaklinga. Hvort það eru einstaklingarnir sjálfir, atvinnulífið eða stjórnvöld. T.d. var þeirri spurningu varpað fram hvort eðlilegt væri að stjórnvöld bæru ábyrgð á grunn- og framhaldsskólamenntun einstaklinga, jafnvel þótt þeir kysu að stunda námið á seinni stigum lífsins.

Einnig var kallað eftir ábyrgð stjórnvalda á upplýsingamiðlun og samræmingu. Enginn einn aðili virðist halda utan um alla símenntun í landinu og tryggja upplýsingamiðlun.

## Viðfangsefni

Rannsóknir á starfsmenntun og rannsóknir í menntamálum í atvinnulífinu eru almennt ekki umfangsmiklar en nefnt var að nú væri að skapast rannsóknarvettvangur. Bent var á að þær menntarannsóknir sem gerðar hafa verið á vinnumarkaði séu oftast smáar í sniðum, t.d. í formi nemendaverkefna. Þörf sé hins vegar á stærri verkefnum á doktorsstigi eða uppsafnaðri þekkingu. Innsend rit flokkuðust efnislega ýmist undir rannsóknir á atvinnulífi og/eða undir rannsóknir á menntakerfi. Hér undir flokkast t.d. verkefni í tengslum við námskrárvinnu starfsgreinaráða, úttektir á starfsmenntun og þarfa greiningar starfsnáms svo eitthvað sé nefnt.

## Samstarf og samkeppni

Mikilvægi samstarfs launþega og atvinnurekenda í menntamálum kom ítrekað fram og hafa þessir aðilar unnið að því að skilgreina sameiginlega hagsmuni. Þannig hafa þeir leitast við að búa til formlegan vettvang sem stofnfestir þeirra samstarf og í sumum tilvikum samstarf við stjórnendur.

Samstarfi aðila á vinnumarkaði í menntamálum eru samt vissar skorður settar ef horft er til samkeppnis-sjónarmiða. Hlutur menntunar og fræðslu í samkeppnishæfni einstaklinga og fyrirtækja verður sífellt veigameiri. Þannig töldu viðmælendur að aðilar hefðu sameiginlega hagsmuni af því að styðja tiltekna grunnmenntun sem auki almenna starfshæfni, en önnur menntun væri til þess fallin að auka samkeppnishæfni fyrirtækja og því hafi þeir ekki alltaf hagsmuni af slíku samstarfi.

Almennt töldu viðmælendur aukið samstarf (aðila í atvinnulífinu, háskólasamfélags og stjórnvalda) um menntamál til hagsbóta fyrir alla.

## Háskólasamstarf

Háskólasamfélagið virðist almennt „*ekki aðgengilegt*“. Það er alfarið undir viðkomandi háskólakennara komið hvort hann tengist atvinnulífinu á einhvern hátt, það er enginn formlegur vettvangur. Þá gagnrýna aðilar í atvinnulífinu háskólastigið einnig fyrir val á viðfangsefnum og telja oft erfitt að sjá hagnýtingu eða gagnsemi rannsókna fræðimanna í háskólum.

Viðskiptaháskólinn á Bifröst og Háskólinn í Reykjavík eru dæmi um aukin samskipti atvinnulífs og háskóla. Rannsóknarþjónusta Háskóla Íslands er annað dæmi um samstarf en markmið hennar er að styrkja tengsl atvinnulífs og HÍ á sviði rannsókna, nýsköpunar og hæfnisuppbyggingar. Ein augljósustu tengslin sem hafa verið á milli atvinnulífs og háskóla eru í kringum lokaverkefni nemenda.

Möguleikar eru á samstarfi atvinnulífs og háskóla í alþjóðlegu samstarfi í tengslum við áætlanir ESB á sviði menntamála. Á þeim vettvangi hafa Íslendingar helst tekið þátt í Leonardo og CEDEFOP.

## Ákvarðanir um menntun í atvinnulífinu

Í 40% tilvika voru innsend gögn talin vera fyrir stefnumótunaraðila, 43% voru fyrir iðkendur, 3% fyrir almenning og 13% fyrir vísindasamfélagið.

Almennt voru viðmælendur á einu máli um að sífellt meiri áhersla væri lögð á notkun upplýsinga til grundvallar stefnumótun, jafnvel þótt hefð fyrir hefðbundinni rannsóknarvinnu í atvinnulífinu væri ekki sterk.

Meðal viðmælenda í atvinnulífi var áberandi að allar umræður um rannsóknir voru tengdar hagnýtingu þeirra og gagnsemi. Þeir sögðu almennt að í reynd væru engar sérstakar hindranir í tengslum við rannsóknir ef verkefni væru talin gagnleg.

Í tengslum við helstu hindranir í samstarfi (um rannsóknir eða menntamál) aðila í atvinnulífinu og opinberra aðila var helst vísað í ólíkt umhverfi þar sem atvinnulífið einkenndist af hröðum breytingum og „óþolinmæði“ atvinnulífsins gagnvart tregðu við breytingar í opinberu kerfi.

## Heildarsýn

Nauðsynlegt er að tryggja vettvang til samræðu aðila atvinnurekenda, launþega og ríkis þar sem unnið væri að stefnumótun í starfs-, endur-, símenntun og fullorðinsfræðslu. Við mótun menntastefnu er þannig nauðsynlegt að horfa til þróunar og þarfa atvinnulífs.

## I. Inngangur

Það var ákveðið í upphafi úttektaþingarinnar að matið yrði ekki bundið við hið formlega skólakerfi en lítið var vitað um menntarannsóknir utan þess í atvinnulífinu. Af þeim fjórum athugunum sem ráðist var í var þessi, af mörgum ástæðum, erfiðust en jafnframt kannski mest gefandi. Það er engin miðstöð sem fylgist með rannsóknum og þróun þannig að ferlið við að kortleggja starfsemina var langt og tímafrekt. Sumar stofnanir og fyrirtæki fóru í varnarstöðu og voru í fyrstu ákveðin í því að þau ynnu ekki að rannsóknum en síðar kom í ljós að þau höfðu unnið kerfisbundið að gagnasöfnun og -greiningu og voru búin að birta niðurstöðurnar í skýrslum. Með því að taka viðtöl við trega viðmælendur hófst námsferli fyrir okkur öll þar sem ljóst var að rannsóknir eru að færast í aukana og að möguleikar og hugsanlegt hlutverk þeirra var umhugsunarvert. Það var einnig ljóst að sviðið er í örrí þróun og að landslagið hefur breyst meira á sl. tveimur árum en umhverfið í háskóla- og stofnanarannsóknum og í skólaþróunarstarfi.

Í þessum inngangskafli verður í fyrstu hugað að skilgreiningu og flokkun menntarannsókna auk þess sem greint er frá framkvæmd rannsókna í atvinnulífinu. Í framhaldi af því verða niðurstöður settar fram í fjórum meginköflum. Sá fyrsti fjallar um fræðslumál í atvinnulífi og þróun mála á síðustu árum. Í öðrum kafla er rætt um eðli og umfang rannsókna hjá þeim stofnunum og fyrirtækjum sem upplýsingar fengust hjá. Í þeim þriðja er fjallað um tengsl atvinnulífs við háskólasamfélagið og að lokum er rætt um ákvörðunartöku í ljósi rannsókna.

### I. 1. Skilgreining á menntarannsóknum

Í samþykkt stýrihóps um úttektina sumarið 2003 voru menntarannsóknir skilgreindar á eftirfarandi hátt:

Rýnt verður í rannsókna- og nýsköpunarstarf og stefnumótun frá og með 1998 til 2002 og stiklað á stóru allan síðasta áratug 20. aldar. Skoðað verður rannsókna- og nýsköpunarstarf á breiðum grundvelli:

- Rannsóknir á námi og kennslu í víðum skilningi þ.m.t. rannsóknir á ævilöngu námi, námi á starfsvettvangi og óformlegu námi.
- Rannsóknir á málum sem varða menntun og fræðslustarf, þ.m.t. stjórnun í menntakerfi, almennt fræðslustarf, mannauðsmál og stefnumörkun.
- Nýsköpunarstarf í menntakerfi og atvinnulífi, þ.m.t. þróunarverkefni.

Þessi skilgreining er almenns eðlis en til að ákvarða hvaða rit féllu undir efni úttektaþingarinnar var stuðst við flokkun ástralskrar rannsóknar.<sup>61</sup> Þar eru eftirtaldir flokkar settir fram (tafla 1).

### I. 2. Gagnasöfnun

Gagna hjá stofnunum og fyrirtækjum sem sinna menntarannsóknum var aflað með tvennum hætti. Annars vegar voru viðtöl tekin við valda aðila sem koma að menntamálum í atvinnulífinu. Hins vegar var safnað saman niðurstöðum þeirra rannsókna sem unnar voru á vegum þessara tilteknu stofnana/fyrirtækja.

#### I. 2. 1. Viðtalsrannsókn

Viðtöl voru tekin við valda aðila sem koma að fræðslu- og menntamálum í atvinnulífinu (hagsmunasamtök, stéttarfélag, ráðgjafa) eða samtals 10 viðtöl við 12 aðila. Viðtölin voru tekin á tímabilinu júní 2004 til febrúar 2005 og tók hvert viðtal 60–90 mínútur. Notað var upptökutæki í viðtölum og þau afrituð. Viðmælendum var greint frá því í upphafi viðtals að ekki yrði vitnað í þá undir nafni nema með þeirra leyfi. Viðmælendur voru valdir með það fyrir augum að þeir kæmu að menntamálum í atvinnulífinu úr mörgum áttum. Því var talað við fulltrúa atvinnurekenda, launþegahreyfinga, endur- og starfsmenntunaraðila, fræðslustjóra stórfyrirtækja og ráðgjafa í starfsmenntamálum. Tekin voru viðtöl við fulltrúa Samtaka iðnaðarins (SI),

<sup>61</sup> Í Holbrook, A., Ainley, J., Bourke, S., Owen, J., McKenzie, P., Misson, S. & Johnson, T. (2000). Mapping educational research and its impact on Australian schools. Í *The Impact of Educational Research*, bls. 15–278. Research Evaluation Programme, Higher Education Division, Department of Education, Training and Youth Affairs, Canberra.

Tafla 1. Efnisþættir í menntarannsóknum (Holbrook o.fl., 2000)

**Nám og þroski**

- Nám og skynjun: nám, atferlismótun, skynjun og vitsmunapróska
- Þroska- og persónuleikasálfræði: sálfræðilegir eiginleikar, geta, hegðun, þarfir, viðhorf og þroska einstaklingsins

**Líkamlegt og andlegt atgervi**

- Sérkennsla fyrir börn með þroskahömlun, fötlunarfræði
- Námsráðgjöf
- Aðrar rannsóknir á heilsu og velferð (geðræn vandamál, meðferðarúræði, andleg og líkamleg velferð, heilsufar og þjónusta tengd heilsufari)
- Sérkennsla fyrir bráðger börn

**Menntakerfi**

- Almenn kennslufræði, skólakerfið, skólalæru og skólastjórnun (vísar til innri starfsemi skólakerfis, t.d. starfsmannahalds í skólum, samskipta kennara við nemendur og stjórnendur, kennaramenntunar og mats á skólustarfi)
- Félags- og heimspökileg sjónarhorn menntunarfræðinnar (vísar til félagslegs og sögulegs samhengis. Skólinn og samfélagið skoðað í heild, t.d. hlutverk og samskipti stofnana þess)
- Námskrá/formgerð (t.d. námsskipulag og starfsréttindi)

**Faggreinar í skólum (þ.m.t. kennslufræði faggreina)\***

- Íslenska (lestur meðtalinn)
- Erlend tungumál
- Stærðfræði
- Náttúrufræði og raungreinar
- Samfélagsgreinar (félagsvísindi, lífsleikni, saga, landafræði, kristinfræði, siðfræði)
- Listgreinar
- Íþróttir og heilsufræði
- Upplýsinga- og samskiptatækni
- Starfsmenntun og iðngreinar
- Annað, hvað?

**Samfélagið**

- Félagslegt umhverfi (félagslegir áhrifavaldar, félags- og menningarlegir eiginleikar)
- einstaklinga/hópa, gildismat og samskipti)
- Félagsleg vandamál (jafnrétti, fordómar, aðgreining, viðhorf, líðan og minnihlutahópar)
- Lýðfræði, menning og trú

**Stjórnsýsla og atvinnulífið**

- Stjórnsýsla og stjórn málafræði
- Hagfræði og fjármál
- Atvinnulífið (t.d. vinnumarkaðsrannsóknir, starfsþjálfun, starfsmannastjórnun)

**Rannsóknir á upplýsinga- og samskiptatækni (þ.m.t. fjarkennsla)****Aðferðafræði rannsókna**

- Vísindaheimspeki og kenningar
- Próffræði, aðferðir, mælitæki og greiningar

**Rannsóknir á aðstöðu og búnaði**

Heimild: Holbrook, A., Ainley, J., Bourke, S., Owen, J., McKenzie, P., Misson, S. & Johnson, T. (2000). Mapping educational research and its impact on Australian schools. Í *The Impact of Educational Research*, bls. 15-278. Research Evaluation Programme, Higher Education Division, Department of Education, Training and Youth Affairs, Canberra.

\* Hér var flokkunin aðlöguð kennslugreinum í íslenskum skólum.



Alþýðusambandsins (ASÍ), Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) og Samtaka atvinnulífsins (SA). Þá var tekið viðtal við tvo stjórnendur í Háskóla Reykjavíkur (HR) og þrjá aðila sem m.a. hafa starfað við ráðgjöf í fræðslu- og mannauðsmálum og einnig sem fræðslustjórar stórfyrirtækja. Þá var rætt við fulltrúa menntamálaráðuneytis í starfsmenntun. Í viðtölunum var rætt um ákvörðunartöku, hagnýtingu rannsókna og samstarf í rannsóknum svo eitthvað sé nefnt.

Einnig er á stöku stað vitnað í viðmælendum í öðrum hlutum þessarar úttektar (háskólum og stofnunum) þar sem nauðsynlegt þótti að tengja saman umfjöllun þeirra um tiltekið málefni. Þannig voru tekin sjö viðtöl hjá helstu stofnunum sem standa að menntarannsóknum og fimmtán viðtöl við fræðimenn í Kennaraháskóla Íslands, félagsvísindadeild Háskóla Íslands og kennaradeild Háskólans á Akureyri.<sup>62</sup>

## 1. 2. 2. Birtum niðurstöðum menntarannsókna safnað

Leitað var til um 100 fyrirtækja og stofnana<sup>63</sup> og óskað eftir upplýsingum um menntarannsóknir. Af þeim voru um 40 aðilar sem tengjast atvinnulífinu. Alls sendu 40 fyrirtæki og stofnanir inn upplýsingar en notað var við upplýsingar um birtingar hjá 30 fyrirtækjum og stofnunum. Í þeim tilvikum sem innsend gögn voru ekki notað var t.d. um að ræða upplýsingabæklinga um nám, fréttabréf og slíkt sem ekki er hægt að telja til menntarannsókna eða úttekta af neinu tagi. Í einhverjum tilvikum voru unnar upplýsingar um birtingar af vefsíðum viðkomandi stofnunar/fyrirtækis. Þar sem víða var leitað fanga við upplýsingaöflun er ljóst að svarhlutfall er ekki hátt. Búast má við að sum fyrirtæki sem leitað var til hafi ekki sent inn birtingar þar sem engar slíkar er að hafa. Í öðrum tilvikum var svörin ekki sinnt. Því er í reynd ógjörningur að meta svarhlutfall þar sem ekki er vitað hve þýðið er stórt, þ.e. hve margir aðilar vinna að menntarannsóknum og fjölda birtinga á þeirra vegum. Gagnaöflun þessi hófst í maí 2004 og lauk í mars 2005.

Upplýsingar frá eftirfarandi stofnunum og fyrirtækjum voru notaðar í úttektinni (30 aðilar):

- Sex starfsgreinaráð
- Fimm sí- og endurmenntunaraðilar
- Fern stærstu samtök í atvinnulífinu, launþega og atvinnurekenda.
- Tíu aðrar stofnanir og stórfyrirtæki
- Fimm helstu rannsóknarfyrirtæki og stofnanir sem sinna rannsóknum á menntamálum í atvinnulífinu

Fjöldi birtra rita sem hver stofnun sendi vegna úttektarinnar var allt frá einum og upp í 14, mest frá rannsóknarfyrirtækinu IMG Gallup. Í flestum tilvikum sendu aðilar upplýsingar um eina til þrjár birtingar. Ekki má þó alfarið ætla að innsend rit endurspegli eiginlegan fjölda þeirra rannsókna/úttekta sem tilteknar stofnanir og fyrirtæki stóðu að því ekki er hægt að útiloka að einhverjar birtingar hafi ekki verið sendar inn af einhverjum ástæðum. Að sama skapi eru ýmsar rannsóknir/úttektir unnar sem ekki koma til formlegrar birtingar en nánar verður fjallað um það á öðrum stað í skýrslunni. Þrátt fyrir víðtæka eftirgrennslan og eftirfylgni söfnuðust einungis 64 birtingar um rannsóknir og athuganir á sviði menntamála í atvinnulífinu (tafla 2).

Tafla 2. Yfirlit yfir innsend gögn

	Fjöldi	Hlutfall %
Rannsóknarstofnanir og rannsóknarfyrirtæki	10	16
Sí- og endurmenntunaraðilar	15	23
Starfsgreinaráð	10	16
Samtök launþega og atvinnurekenda	3	5
Ýmsar aðrar stofnanir og fyrirtæki	29	41
<b>Alls</b>	<b>64</b>	<b>100%</b>

<sup>62</sup> Sjá nánar í Ingibjörg Kaldalóns og Allyson Macdonald (2005a) Athugun 1. Menntarannsóknir í háskólum. Úttekt á rannsóknum á sviði fræðslu- og menntamála. Rannís og menntamálaráðuneytið. Maí 2005.

<sup>63</sup> Sjá lista í fylgiskjali.

Téðar stofnanir og fyrirtæki sendu úttektaraðilum eintak af birtum ritum sem unnin voru á árunum 1998–2003 á þeirra vegum. Þessi rit voru flokkuð eftir sendanda, framkvæmdaraðila, útgáfuári, fjölda höfunda, kostunaraðila og aðsetri kostunaraðila. Megintilgangurinn var þó að flokka hvers eðlis rannsóknin var, þ.e. svið verk-efnis, birtingarform, skólastig, helsti markhópur og hvaða aðferðafræði var notuð við rannsóknina.

Fyrir utan þá gagnaöflun meðal fyrirtækja og stofnana sem hér hefur verið lýst voru send þrjú fréttabréf á því tímabili sem gagnaöflun fór fram, til 700<sup>64</sup> aðila þar sem greint var frá framgangi úttektarinnar og lesendur beðnir um ábendingar um rannsóknir á sviði menntamála. Einnig var opnaður vefur þar sem óskað var eftir ábendingum um rannsóknir á sviðinu.<sup>65</sup> Gagnaöflunin var tímafrek þar sem sumar stofnanir/fyrirtæki voru seinar að bregðast við, enda talsverð vinna í því fólgin að safna saman gögnum/ritum í úttektina ef um mörg rit var að ræða.

### 1. 2. 3. Málþing

Þá var haldið málþing undir yfirskriftinni *Undirstaða þekkingarsamfélags* sem partur af úttektinni. Þar voru m.a. fyrstu niðurstöður úttektarinnar kynntar og varpað fram áleitnum spurningum sem úttektin vekur. Í framhaldinu voru málstofur um menntarannsóknir á ólíkum sviðum (stofnunum, háskólum, skólum og atvinnulífi). Þannig fjallaði ein málstofan um rannsóknir og þróun í fræðslumálum í atvinnulífinu undir nafninu: *Gildi þekkingar – á hvers ábyrgð?* Þar gafst aðilum færi á að setja fram skoðanir sínar á helstu álitamálum sem varpað var upp í frumdrögum úttektarinnar. Niðurstöðum umræðuhópa á málþinginu hefur verið flétt að inn í skýrsluna og frekari greining gerð þar sem tilefni var til.

## II. Vettvangurinn

Að sumu leyti eru fræðslumál í atvinnulífinu ung að árum. Eftir hefur verið til ýmiskonar samvinnu nýlega, og til eru nokkrar nefndir sem eru ábyrgar fyrir samhæfingu innan mismunandi sviða og samráði milli atvinnulífsins og yfirvalda. Lög um starfsmenntun í atvinnulífinu voru samþykkt árið 1992 þar sem kveðið var á um formlegan farveg fyrir samstarf stjórnvalda, atvinnurekenda og launafólks í gegnum Starfsmenntaráð sem var falin mótun heildarstefnu, auk þess að reka Starfsmenntasjóð.

Úttektaraðilar telja að það sé heppilegt að lýsa fræðslumálum í atvinnulífi með meiri nákvæmni en formlegu skólakerfi hefur verið lýst í öðrum skýrslum. Ljóst er að sviðið er í örri þróun og að landslagið hefur breyst meira á sl. tveimur árum en umhverfi í háskóla- og stofnanarannsóknnum og í skólaþróunarstarfi.

Hér verður í stuttu máli greint frá eðli og meginhlutverki þeirra aðila sem voru í viðtalshópnum og hvernig þeir koma að rannsóknnum á sviði menntamála. Tekin eru nokkur dæmi af rannsóknnum sem þeir hafa komið að. Í þessum hópi voru fulltrúar atvinnurekenda (Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins), launþega (Alþýðusambands Íslands, Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, Eflingar) og fræðslumiðstöðva (t.d. Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins) auk fulltrúa í Starfsgreinaráði og Starfsmenntaráði og starfandi ráðgjafar og fræðslustjórar fyrirtækja.

## II. 1. Fræðsluaðilar á vettvangi

### II. 1. 1. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) var stofnuð árið 2002 af Samtökum atvinnulífsins og Alþýðusambandi Íslands og er samstarfsvettvangur atvinnulífs um fullorðins- og starfsmenntun á vinnumarkaði. Fræðslumiðstöðin hefur það hlutverk að safna og miðla upplýsingum fyrir sína markhópa, ásamt því að byggja upp náms- og starfsráðgjöf fyrir fólk á vinnumarkaði. Þannig mun miðstöðin vinna að því að skilgreina menntunarþarfir fyrirtækja og starfsstétta og byggja upp framboð á menntun í samræmi við þær þarfir. Lögð er áhersla á að FA þjónusti sameiginlegar fræðslustofnanir og fræðslusjóði og stuðli að samvinnu þessara aðila. Í þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið er samkomulag um að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

<sup>64</sup> Þessir aðilar voru: Rektorar allra háskóla, deildarforsetar í HÍ, HA, KHÍ, skólastjórar leik-, grunn-, iðn- og framhaldsskóla auk allra þeirra ríflegu 100 stofnana og fyrirtækja sem leitað var eftir menntarannsóknnum hjá.

<sup>65</sup> <http://www.rannis.is/rannsoeknir-menntamal/>

sinni fyrst og fremst þeim hópi, sem ekki hefur lokið framhaldsskóla, eða um 40% vinnandi fólks. Á vefsíðu miðstöðvarinnar segir enn fremur um hlutverk hennar:

Hlutverk Fræðslumiðstöðvarinnar verður fyrst og fremst að skilgreina menntunarþarfir fyrirtækja, starfsstétta og einstaklinga og byggja upp framboð á lengra og styttra námi fyrir markhópinn. Mikilvægt hlutverk er einnig að aðstoða menntamálaráðuneytið við að þróa aðferðir við mat á óformlegu námi og þeirri færni sem fólk hefur aflað sér utan skóla, m.a. á vinnumarkaði. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins mun vinna að því að fjölga námstillboðum og auka gæði þeirra. Starfið mun fara fram á landinu öllu í samstarfi m.a. við símenntunarmiðstöðvar.<sup>66</sup>

Þær úttektir eða verkefni sem unnin eru á vegum FA snúa þannig að því að greina þann markhóp sem miðstöðin þjónar, meta þarfir fyrirtækja fyrir menntun og undirbyggja námskrárvinnu með kerfisbundnum hætti. Það getur falið í sér framkvæmd kannana eða úttekta af einhverju tagi eða úrvinnslu fyrirbyggjandi gagna. Þá mun miðstöðin að sama skapi við að sér þekkingu um fræðslumál í atvinnulífinu og halda henni til haga fyrir viðskiptavinum sína. Eins og aðrir lagði viðmælandi hjá FA áherslu á að ekki væri alltaf um hefðbundna rannsóknarvinnu að ræða, sem væri skilað af sér með formlegri birtingu í lok úttektar. Fremur væri um að ræða kerfisbundna upplýsingaöflun sem skilaði sér t.d. í námskrárvinnu eða uppbyggingu nýrra námsleiða eins og greint var frá hér að framan.

## II. 1. 2. Starfsgreinaráð

Á fyrri hluta árs 1998 var skipað í 14 starfsgreinaráð af menntamálaráðherra skv. 28. gr. framhaldsskólalaga 1996. Hlutverk starfsgreinaráða er m.a. að skilgreina þarfir starfsgreina fyrir kunnáttu og hæfni starfsmanna og setja fram markmið starfsnáms. Enn fremur að gera tillögur um uppbyggingu starfsnáms og námskrá í sérgreinum viðkomandi starfsnáms.<sup>67</sup> Þar sem skipuð voru 14 starfsgreinaráð tryggir það ekki beina aðild allra starfsgreina, en tryggir að um þær geti verið fjallað á þessum vettvangi. Í þessum ráðum sitja bæði fulltrúar atvinnurekenda, launþega og einn fulltrúi menntamálaráðherra. Menntamálaráðuneyti hefur óskað eftir skýrslum frá starfsgreinaráðunum um heildarsýn og stefnumótun í starfsmenntun í viðkomandi geira. Fulltrúi ráðuneytisins lýsti því svona:

Pau eiga að skilgreina þarfir atvinnulífsins fyrir menntun og hæfni og móta markmið starfsnámsins. Það þýðir að þetta eru námskrárverk í sjálfu sér. Þannig höfum við lagt áherslu á að þau móti heildarsýn ... eða heildarstefnu sem á að vera í samræmi við opinbera menntastefnu og í samræmi við þarfir atvinnulífsins.

Ráðin þurfa þannig að skilgreina menntaþörf fagstétta á þeirra sviði og eru mislangt á veg komin með þessi verkefni og hafa farið ólíkar leiðir. Í sumum tilvikum er þannig um hefðbundna rannsóknarvinnu að ræða sem endar í birtingu en í öðrum tilvikum eru notaðar óformlegri leiðir til að undirbyggja þessa stefnumótun. Þannig var t.d. gerð „formleg könnun á færnikröfum starfa í 12 störfum í heilbrigðis- og félagsþjónustu og í hönnunar- og handverksgreinum ... farin vísindaleg leið með viðtölum og spurningalistum“. Meira er um óformlegri leiðir til upplýsingaöflunar enda rannsóknarhefð mismikil milli ólíkra greina. „Meira er um að fagmenn hafi sest saman og skýrsluhöfundur hafi fengið til sín lykilmál í greinunum og rætt hvað felist í tilteknu starfi og hvaða þekkingar og færni sé krafist í meginverkháttum þess. Þetta er því misjafnlega unnið.“

## II. 1. 3. Starfsmenntaráð – Starfsmenntasjóðir

Lög um starfsmenntun í atvinnulífinu voru samþykkt á Alþingi vorið 1992. Með lögnum var samstarfi stjórnvalda, atvinnurekenda og launafólks í starfsmenntamálum í fyrsta sinn fundinn formlegur farvegur. Markmið laganna var að hvetja til aukinnar starfsmenntunar í atvinnulífinu og styrkja þannig stöðu starfsfólks og fyrirtækja. Einnig skyldi á vegum ráðsins unnið að mótun heildarstefnu um starfsmenntun í atvinnulífinu.<sup>68</sup> Eitt verkefni ráðsins er umsjón og úthlutun úr starfsmenntasjóði en árlega er úthlutað um 50 milljónum kr. úr sjóðnum. Samtök atvinnurekenda og launafólks, fyrirtæki og starfsmenntaráð einstakra atvinnugreina eða menntastofnanir í samstarfi við ofangreinda aðila eiga rétt á að sækja um styrk til ráðsins. Lögð er áhersla á að verkefni séu unnin í samvinnu ólíkra aðila, mæti sýnilegri þörf á endurmenntun og

<sup>66</sup> <http://www.fraedslumidstod.is/>

<sup>67</sup> 29. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996 og Halldór Grönvold (2003). *Þátttaka verkalýðsbreyfingarinnar í starfsmenntun og fullorðinsfræðslu*. ASÍ. Febrúar. Óútgefið rit.

<sup>68</sup> Guðmundur R. Árnason, Davíð Stefánsson, Halldór Grönvold og Ingi B. Bogason (2001). *Samstarf aðila vinnumarkaðarins um menntamál*. ASÍ og SI. Maí.

að þau nái til sem flestra.<sup>69</sup> Styrkþegar skila skýrslum til sjóðsins og/eða náms- og kennslugögnum sem unnin eru fyrir styrkina. Oft er ekki um hefðbundnar birtingar að ræða en engu að síður fer iðulega fram kerfisbundin athugun eða þróunarstarf sem leiðir af sér þekkingarsköpun.

Fulltrúi í ráðinu sagði að nokkur þróun hefði verið í úthlutun styrkja. Fyrstu árin hefði fjármunir í meira mæli farið í að bregðast við umsóknum fræðsluaðila um stuðning við uppbyggingu og rekstur starfsmenntunar. Í seinni tíð og með sterkari endurmenntunar- og fræðslusjóðum hefði þurft að endurskoða hlutverk starfsmenntasjóðs. Þannig voru settar áherslur á tiltekin svið í auglýsingum um styrki. Verkefni sem byggjast á samstarfi fleiri aðila hafa forgang og einnig verkefni sem auðvelda fólki á landsbyggðinni að sækja sér menntun. Einnig er nú meiri áhersla lögð á þróunarverkefni.<sup>70</sup> Þannig var hætt að fjármagna námskeið en áhersla lögð á að „setja þessa fjármuni í frumkvæði og nýsköpun á sviði menntunar og til að brinda verkefnum af stað“.

## II. 1. 4. Stéttarfélag

Þau stéttarfélag sem hér voru til skoðunar stóðu öll á einhvern hátt að menntarannsóknnum, ýmist með því að taka frumkvæði að verkefnum, skilgreina menntunarþarfir eða fjármagna rannsóknir svo eitthvað sé nefnt. Þannig sagði viðmælandi ASÍ um aðkomu sambandsins að menntarannsóknnum: „Alþýðusambandið hefur í sjálfu sér ekki stundað rannsóknir sjálf, hins vegar komið mjög víða að þar sem það hefur verið gert.“

Umfjöllun fræðslustjóra Eflingar um aðkomu félagsins að menntarannsóknnum var á svipuðum nótum. „Við komum að þessum rannsóknnum eða athugunum á fræðslu- og menntamálum mjög víða og á mismunandi forsendum.“ Þannig lagði fræðslustjórinn áherslu á mikilvægi rannsókna í víðum skilningi. „Við hljótum að vilja kalla eftir því [rannsóknnum] til að vita hvort við séum á réttri leið með hluti. Bæði „fyrirfram“ rannsóknir ... þar sem kallað er eftir upplýsingum til að geta þróað sig áfram. Og svo eftirrannsóknir sem skoða „hvernig gekk?“ Þannig kemur félagið að tilteknum þarfagreiningarverkefnum innan fyrirtækja eða starfsgreina, ýmist í formi styrkja eða með setu í stýrihópum. Um beina aðkomu að tilteknum rannsóknarverkefnum sagði hann rannsóknir á menntamálum á vegum félagsins fyrst og fremst hafa falið í sér athuganir á umfangi og eðli þeirra markhópa sem að félaginu snúa. Dæmi um einstök verkefni á sviði menntamála sem Efling stendur nú að, ásamt Samtökum ferðaþjónustunnar, er rannsóknarverkefni þar sem verið er að greina þörf ferðaþjónustunnar fyrir menntun en Félagsvísindastofnun HÍ veitir verkefninu ráðgjöf.

Þá hafði Efling, ásamt Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur (VR), forgöngu að verkefni um Menntareikninga.<sup>71</sup> Menntareikningar eru eignasöfnunarreikningar en hugmyndin felur í sér að valfrjálsar greiðslur eru greiddar á söfnunarreikning og notaðar í stað skatta til að fjármagna t.d. endur- eða viðbótarmenntun. Launamaður leggur þannig fyrir ákveðna upphæð á mánuði, fær móttframlag frá atvinnurekanda og jafnvel skattafslátt frá ríkinu. Markmiðið er að jafna möguleika fólks til náms. Frumkvæði að slíkum verkefnum kemur víða að og kallar Efling m.a. eftir hugmyndum eins og fram kemur í orðum fræðslustjórans:

Frumkvæði kemur víða að. Frumkvæðið getur komið frá fræðsluaðilum sem koma með hugmynd og vilja setja upp ákveðið „project“ og þá er farið í að kanna það. Oft kemur frumkvæðið frá okkur eða fræðslusjóðunum okkar. Það er líka haft samband við okkur frá einstaka fyrirtækjum ... Við höfum líka verið að kalla eftir því. Við skrifum greinar og bréf til trúnaðarmanna og veltum því upp hvort þeir haldi að það sé eitthvað í fyrirtæki þeirra sem mætti laga eða breyta hvað varðar fræðslu, þekkingu eða menntun o.s.frv.

Ýmsar kannanir og rannsóknir sem hafa verið unnar á vegum VR hafa vakið athygli, sumar á sviði menntamála en aðrar ekki. Þær helstu á sviði menntamála hafa vafalaust verið annars vegar rannsókn að beiðni VR um áhrif styttingar grunn- og framhaldsskóla á einstaklinga, sveitarfélög, ríkissjóð og þjóðarframleiðslu<sup>72</sup> og hins vegar rannsóknin Menntareikningar sem VR ásamt Eflingu hafði forgöngu um og fengu þær styrk hjá

<sup>69</sup> <http://www.starfsmenntarad.is/>

<sup>70</sup> Guðmundur R. Árnason, Davíð Stefánsson, Halldór Grönvold og Ingi B. Bogason (2001). *Samstarf aðila vinnu- og atvinnu- og menntamála*. ASÍ og SI. Maí.

<sup>71</sup> Hagfræðistofnun Háskóla Íslands tók saman fyrir VR, Eflingu og Starfsmenntaráð (2004). *Menntareikningar*. [http://www.vr.is/Uploads/VR/utgefid\\_efni\\_vr/hagfrædistofnun\\_menntareikningar\\_des\\_2003.pdf](http://www.vr.is/Uploads/VR/utgefid_efni_vr/hagfrædistofnun_menntareikningar_des_2003.pdf)

<sup>72</sup> Hagfræðistofnun Háskóla Íslands fyrir VR (2002). *Stytting grunn- og framhaldsskóla: Ábrif á einstaklinga, sveitarfélög, ríkissjóð og þjóðarframleiðslu*. [http://www.vr.is/Uploads/VR/utgefid\\_efni\\_vr/hagfrædistofnun\\_stytting\\_skola\\_jan\\_2002.pdf](http://www.vr.is/Uploads/VR/utgefid_efni_vr/hagfrædistofnun_stytting_skola_jan_2002.pdf)

Starfsmenntaráði. Hagfræðistofnun HÍ vann bæði þessi verkefni. Hugmyndir að verkefnum vakna t.d. í stefnumótunarvinnu félagsins og með því að skoða það sem gert er erlendis á sambærilegum vettvangi. Einnig vakna spurningar á trúnaðarmannafundum sem og í kjölfar ábendinga eða umræðna félagsmanna. Þannig kom fram í máli fræðslustjóra VR að þeirra starf og stefnumótun byggðist iðulega á könnunum eða einhvers konar upplýsingaöflun þó ekki væri alltaf um menntamál að ræða. Aðrar athuganir á sviði fræðslumála hafa verið heldur minni í sniðum en þær sem að framan greindi. Má þar nefna kannanir um viðhorf félagsmanna til endurmenntunar og hvort þeir hafi sótt endurmenntun og hvernig þeir hafi nýtt sér styrki til endurmenntunar svo eitthvað sé nefnt:

Varðandi fræðslustarfið þá höfum við alltaf reynt að vinna það faglega og gert kannanir oft á meðal trúnaðarmanna okkar. Eins höldum við morgunverðarfundum sem formaðurinn stýrir. Um tíma lögðum við t.d. spurningakönnun fyrir hvern einasta fund ... bara að kanna hvaða áhugi er á námskeiðum og þess háttar.

Að lokum er vert að nefna að VR rekur tvo starfsmenntasjóði sem stofnaðir voru í tengslum við kjarasamninga árið 2000 og eru um 60 milljónir greiddar úr þeim á ári til félagsmanna. Á vegum þessara sjóða hefur verið unnið að þarfagreiningu þar sem voru greindar menntunarfærir félagsmanna VR og hverjar væru helstu hindranir í að fólk sækti sér nám.

## II. 1. 5. Atvinnurekendur

Á sama hátt og launþegahreyfingin koma samtök atvinnurekenda (SA og SI) fyrst og fremst að menntarannsóknnum með því að styrkja þær fjárhagslega eða með öðrum óbeinum hætti: „*Víð erum ekki með neinar einstakar rannsóknir í gangi ... Víð styrkjum oft rannsóknir sem verið er að gera ef það tengist okkar hlutverki.*“ Engu að síður er mikið um starfsemi nefnda og vinnuhópa sem fela oft í sér tiltekna upplýsingaöflun. Viðmælandi hjá SA greinir t.d. frá starfsemi menntahóps en hann er grunnur að málefnum á vegum samtakanna sem er opið aðildarfyrirtækjum og félögum. Þannig kemur menntahópur að mótun menntastefnu samtakanna:

Í menntahópnum er fólk sem er í fullu starfi við að sinna menntamállum t.d. fræðslustjóri Samtaka iðnaðarins, fræðslustjórar í fyrirtækjum og fleiri. Þannig er mikið af alls konar upplýsingum og auðvitað byggjum við á ýmsum gögnum og þeim gögnum sem til eru.

Að sama skapi hafa SI mótað sér stefnu í iðn-, verk- og tæknimenntun í samvinnu við yfirvöld og félagsamtök og byggist sú vinna að hluta á mótun menntastefnu heildarsamtakanna, SA. Þannig eru ýmsar athuganir og úttektir gerðar en ólíkt hefðbundnum rannsóknnum er niðurstöður slíkrar vinnu ekki alltaf að sjá í birtum verkum.

Að auki kom fram í máli viðmælanda hjá SA að samtökin noti talsvert stuttar vefkannanir til að kynna sér hug þeirra sem eiga aðild að samtökunum til ýmissa málefna, menntamála sem og annarra. Þannig könnuðu þeir t.d. hug aðildarfyrirtækja til þess hvort lenging skólaársins hefði veruleg áhrif á starfsmannahald í fyrirtækjum. Svo fundin séu dæmi um menntarannsókn á vegum SI má benda á kannanir á aðstæðum verkfræði- og tæknimenntunar. Ef kanna á hug félagsmanna til tiltekins efnis sjá samtökin sjálf um slíka gagnöflun og er þá ekki endilega um hefðbundna birtingu að ræða í kjölfarið. „*Víð leitum sjálf upplýsinga beint til félagsmanna þegar um það er að ræða eða þá út á víð. Það er svona einfaldast en það er kannski ekki það áreiðanlegasta. Þegar víð þurfum að fara í djúpar eða víðari kannanir þá höfum víð verið í viðskiptum við rannsóknarfyrirtækin.*“

Ráðgjafar og fræðslustjórar fyrirtækja tóku undir að við ráðgjafarstörf í fyrirtækjum væri mikið um upplýsingaöflun sem ekki væri rannsóknir í hefðbundnum skilningi:

Í ráðgjöf er maður t.d. að setja upp fræðslukerfi fyrir fyrirtæki. Það eru ekki beint rannsóknir en samt ráðgjöf byggð á upplýsingum. Athugar hvernig fyrirtækið er og menningin og hvað myndi henta þeim miðað við starfshópinn sem er fyrir hendi og hvað þarf að gera til að halda utan um fræðslu- og menntamál.

Sem dæmi um kannanir á vegum fræðslustjóra í stórfyrirtækjum var t.d. bent á kannanir á viðhorfum starfsmanna sem væru jafnvel gerðar reglulega. Á grundvelli þeirra væri unnt að vinna að bættri starfsánægju og starfsmannastefnu með þarfir fyrirtækis og starfsmanna í huga. Annað dæmi um menntarannsóknir innan stórfyrirtækja sem unnar hafa verið er rannsókn á færnikröfum starfsmanna. Kortlagning á hvaða þekkingu og færni þarf í tiltekin störf í viðkomandi fyrirtæki. Útkoman úr slíkri rannsóknarvinnu er t.d. tilfærsla starfsmanna eða endurmenntun en ekki endilega formleg birting á rannsóknarniðurstöðum:

Hugmyndin að þú ert með ... sjálfsmat eða próf sem segir hvar þú ert í dag sem starfsmaður á mismunandi sviði. Að þú getir séð hvar þú ert. Það spýttist út úr þessu ákveðinn „námslyfseðill“ um hvað þú þarft að gera til að öðlast þekkingu upp að því marki sem er æskilegt í þetta starf sem þú ert í, eða hvað þú þarft til að komast í eitt-hvert annað starf sem þú hefur áhuga á að komast í.

Varðandi rannsóknir í atvinnulífinu og upplýsingaöflun var ennfremur bent á að ráðgjafarfyriertæki búi sum hver yfir gagnaböndum þar sem safnað hefur verið niðurstöðum fyrirtækjakannana til margra ára. Starfsmenn og/eða stjórnendur hafi t.d. verið spurðir um starfsþjálfun, starfsánægju og fleiri slíka þætti, stundum með reglulegu millibili. Bent var á að slíkir gagnabankar séu ríkir af upplýsingum og spurning hvort þeir séu nægilega nýttir sem slíkir.

## II. 1. 6. Aðrir aðilar

Auk þeirra aðila sem tekin voru viðtöl við vegna úttektarinnar er vert að minnast á fáeinir aðrar lykilstofnanir sem snúa að menntamálaum í atvinnulífinu. Þar ber fyrst að nefna Mennt sem er samstarfsvettvangur aðila vinnumarkaðarins, skóla á framhalds- og háskólastigi og sveitarfélaga. Mennt sér um framkvæmd á ýmsum verkefnum sem tengjast menntun og fræðslu, svo sem skipulagningu viðburða á sviði starfsmenntamála. Má þar nefna umsjón með árlegri viku símenntunar, UT-ráðstefnu um upplýsingatækni og þróun í skólalærri og starfsmenntaverðlaunum Starfsmenntaráðs. Ekki er um formlegar rannsóknir að ræða á vegum Menntar en einn megintilgangur starfsmennar hefur verið að safna og miðla upplýsingum, auk þess að vera vettvangur umræðna og samstarfs aðila vinnumarkaðarins, skóla og stefnumótunaraðila. Stærsta verkefni Menntar á sviði upplýsingamiðlunar er rekstur vefsíðunnar *mennt.is* sem er upplýsingaveita um nám á Íslandi. Auk þess sér Mennt um upplýsingamiðlun um CEDEFOP (miðstöð Evrópusambandsins um þróun starfsmenntunar) og Europass, starfsmenntavegabréf ESB. Þá kemur Mennt að þjónustu í tengslum við Leonardo da Vinci-styrki í samvinnu við aðra.<sup>73</sup>

Mímir – símenntun er einkahlutafélag í eigu ASÍ og rekur alhliða mennta- og fræðslustarfsemi; stendur að þróun og nýsköpun í námskeiða- og námsgagnagerð sem nýtist fullorðnu fólki á vinnumarkaði, stuðlar að samstarfi við aðra fræðsluaðila sem vinna að sama markmiði og vinna að verkefnum í mennta- og fræðslumálum fyrir opinbera aðila.<sup>74</sup>

Að lokum er vert að minnast á þá sjóði og stofnanir sem hafa haft það að markmiði að styðja þróunarstarf og starfsmenntun í víðum skilningi. Þannig hefur t.a.m. verið sameiginlegt verkefni samtaka launafólks og atvinnurekenda að reka fræðslumiðstöðvar í ýmsum greinum sem stofnaðar hafa verið á síðustu árum og áratugum. Fjárhagsgrundvöllur þeirra er eftirmenntunarsjóðir sem eru fjármagnaðir með greiðslum atvinnurekenda (sem hluti af launakostnaði) eða sem endurmenntunargjald beint frá launþega.<sup>75</sup> Einnig hafa verið settir á stofn fræðslusjóðir af samtökum launþega og atvinnurekenda. Á vegum þessara sjóða er unnið að fjármögnun, upplýsingaöflun, gæðastjórnun og skipulagningu fræðslumála.<sup>76</sup>

## II. 2. Samstarf í menntamálaum

Til að draga fram grófa mynd af samstarfi á vettvangnum og til þess að gera grein fyrir möguleikum um rannsóknir og samstarf í menntamálaum er vert að líta á helstu aðila og stofnanir sem hafa verið vettvangur einhvers konar samstarfs eða samráðs en hér verður stuttlega greint frá hvernig þeir eru vettvangur samstarfs í menntamálaum.

### II. 2. 1. Samvinna og samráð

Samvinna og samráð á sér stað milli aðila vinnumarkaðarins um ýmis mál á sviði menntamála, með og án þátttöku stjórnvalda. Tengsl stefnumótunaraðila, atvinnulífs og launþegahreyfingar eiga sér ýmist stað með

<sup>73</sup> <http://www.mennt.net/>

<sup>74</sup> <http://www.mimir.is/sidur.asp?p=2&l=2&tr=4>

<sup>75</sup> Halldór Grönvold (2003). *Þátttaka verkafélagsbreyfingarinnar í starfsmenntun og fullorðinsfræðslu*. ASÍ. Febrúar. Óútféið rit.

<sup>76</sup> Sama heimild.

samráði um fjárveitingar, styrki, áhrif á fræðsluframboð og á þróun námsbrauta/efnis eða rekstri á námi.<sup>77</sup> „Við smjúgum inn hér og þar, við gerum ekki allt sjálfir en við komum að þessu bæði með eignarhaldi og svo tilnefnum við í nefnd og erum í sambandi við alla þessa aðila.“ Í einhverjum tilvikum er um að ræða samstarf um úttektir eða rannsóknir á sviði menntamála eins og greint verður frá hér á eftir. Viðmælendum varð tíðrætt um tilraunir í þá veru að „byggja brú“ milli aðila í atvinnulífinu og stefnumótunaraðila. Þar eru hugsaðar ýmsar stofnanir svo sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Starfsmenntaráð og starfsgreinaráðin (sem samstarfsvettvangur menntamálaráðuneytis og atvinnulífs um uppbyggingu starfsnáms). Þá ber að nefna Mennt, Samstarf, ýmsar fræðslumiðstöðvar og sjóði þeim tengda sem og símenntunaraðila.

ASÍ og SA sáu til þess, með stuðningi Starfsmenntaráðs, að tekin yrði saman skýrsla um *Samstarf aðila vinnu- markaðarins um menntamál* árið 2001.<sup>78</sup> Skýrslan byrjar á þessum orðum:

Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands eru þeirrar skoðunar að lykillinn að því að hægt sé með markvissum hætti að þoka góðum málum áfram sé sá að atvinnurekendur og launafólk nái að skilgreina þau markmið sem þeir eiga sameiginleg og nái sátt um sameiginlegar aðgerðir til að ná þessum markmiðum.

Í sömu skýrslu er sérstaklega fjallað um framtíð menntunar fyrir atvinnulífið og bent á ávinning af samstarfi atvinnurekenda og launafólks í menntamálum. Þar segir:<sup>79</sup>

Samtök atvinnurekenda og launafólks munu njóta góðs af skipulegra samstarfi á sviði menntamála. Markmið nást auðveldar og tilkostnaður minnkar. Ávinningurinn er ekki eingöngu atvinnurekenda og launafólks heldur einnig „viðskiptavina“ þeirra: stjórnvalda, skóla, félaga og fyrirtækja í menntageiranum. Samskipti og boðskipti einfaldast og hlutverk skýrast. Skrifræðið minnkar.

Það kom því ekki á óvart í viðtölum við aðila á vettvangnum að þessi viðhorf um mikilvægi samstarfs launþega og atvinnurekenda í menntamálum komu ítrekað fram. Athyglisvert væri að þegar kæmi að menntamálum væru þessir aðilar samherjar og ættu ennfremur sameiginlegra hagsmuna að gæta. Viðmælandi hjá ASÍ sagði t.d.: „Það er nefnilega svolítið merkilegt að þegar kemur að menntamálum þá skipta menn alveg og umpól- ast og þetta verður sameiginlegt verkefni að úrlausn.“ Undir þetta tóku fulltrúar atvinnurekenda hjá SI: „Svo erum við í nánú sambandi við launþegahreyfinguna, verkalýðshreyfinguna, varðandi þennan málaflökk, menntamálin. Okkar hagsmunir eru sameiginlegir að mjög miklu leyti þannig að við nýtum okkur það.“ Því hafa aðilar á vinnu- markaði með ólíka hagsmuni unnið að því að skilgreina sameiginlega hagsmuni.

## II. 2. 2. Fræðslumiðstöðvar starfs- og atvinnugreina

Það er sameiginlegt verkefni samtaka launafólks og atvinnurekenda að reka fræðslumiðstöðvar í ýmsum greinum sem stofnaðar hafa verið á síðustu árum og áratugum. Stjórnir þessara miðstöðva eru bæði skipaðar aðilum launþegahreyfingar og atvinnurekenda. Fjárhagsgrundvöllur þeirra eru eftirmenntunarsjóðir sem fá ýmist fjármagn frá greiðslum atvinnurekenda (sem hluti af launakostnaði) eða greiðslum sem endurmenntunargjald beint frá launþega.<sup>80</sup>

## II. 2. 3. Fræðslusjóðir

Samtök launþega og atvinnurekenda hafa stofnað til víðtæks samráðs um almenna starfsmenntun. Samstarfið miðar einkum að því að veita ófaglærðum tækifæri til náms, ýmist grunnnáms á framhaldsskólastigi eða starfsnáms. Þessir sjóðir og nefndir sem að þeim snúa hafa það að markmiði að efla þróunarstarf, fjármagna verkefni á sviði starfsmenntunar, vinna að upplýsingaöflun, þarfagreiningum eða skipulagningu náms.<sup>81</sup>

<sup>77</sup> Halldór Grönvold (2003). *Þátttaka verkalýðshreyfingarinnar í starfsmenntun og fullorðinsfræðslu*. ASÍ. Febrúar. Óútgefið rit.

<sup>78</sup> Guðmundur R. Árnason, Davíð Stefánsson, Halldór Grönvold og Ingi B. Bogason (2001). *Samstarf aðila vinnu- markaðarins um menntamál*. ASÍ og SI. Maí.

<sup>79</sup> Halldór Grönvold (2003). *Þátttaka verkalýðshreyfingarinnar í starfsmenntun og fullorðinsfræðslu*. ASÍ. Febrúar. Óútgefið rit.

<sup>80</sup> Sama heimild.

<sup>81</sup> Sama heimild.

## II. 2. 4. Mímir-símenntun

Mímir-símenntun er einkahlutafélag í eigu ASÍ og tilnefnir ASÍ alla aðila í stjórn. Mímir vinnur að fullorðinsfræðslu og starfsmenntun. Eitt af meginmarkmiðum fyrirtækisins er að stuðla að samstarfi við aðra fræðsluaðila sem vinna að fullorðinsfræðslu og starfsmenntun.<sup>82</sup>

Auk þess hefur sameiginlegur vettvangur atvinnulífs og stjórnvalda verið skapaður í gegnum FA, starfsgreinaráðin, Starfsmenntaráð, Mennt og ýmsar samstarfsnefndir ólíkra aðila vinnumarkaðarins í menntamálum.

## II. 2. 5. Samstarf á samkeppnismarkaði?

Í tengslum við áherslur samtaka launþega og atvinnurekenda um samstarf um menntamál verður þó að hafa í huga aukna samkeppni og hlut menntunar og fræðslu í samkeppnishæfni einstaklinga og fyrirtækja. Eins og áður sagði hafa því aðilar á vinnumarkaði með ólíka hagsmuni unnið að því að skilgreina hvaða hagsmunir eru sameiginlegir og hvaða verkefni séu þess eðlis að ekki sé vert að vinna þau í samstarfi sökum samkeppnissjónarmiða. Þannig töluðu viðmælendur hjá SI t.d. um að aðilar hefðu sameiginlega hagsmuni af því að styðja tiltekna grunnmenntun sem yki almenna starfshæfni. Sem dæmi um samstarf keppinauta sem menn horfa jákvæðum augum til er t.d. verslunarstjóranám á Bifrost og fagnám fyrir ófaglærða í verslun sem FA í samstarfi við VR og fleiri hafa komið á fót. Á hinn bóginn væri sum menntun til þess fallin að auka samkeppnishæfni fyrirtækja og því hafi þau ekki hagsmuni af slíku samstarfi:

Það má segja að símenntunarkerfið skiptist í tvennt. Annars vegar erum við að tala um símenntun sem stuðlar að almennri færni sem verður til þess að hífa upp heilu greinarnar sem öll fyrirtækin á þessu sviði hafa þörf fyrir. Hins vegar erum við með eftirmenntun sem er samkeppnis„discriminerandi.“ Þá taka fyrirtækin að sér einhverja tiltekna menntun starfsfólks sem gerir það samkeppnishæfara gagnvart öðrum fyrirtækjum í sama bransa.

Fræðslustjóri stórfyrirtækis og starfandi ráðgjafi lagði áherslu í sínu máli á mikilvægi menntunar sem „samkeppnisvopns“ og að það takmarkaði áhuga fyrirtækja á samstarfi:

Við gerðum eins mikið og við gátum til að losna við bankamannaskólann og þetta er ekki til lengur vegna þess að við þurftum ekki á þessu sameiginlega apparati að halda ... Sjónarmiðið var það að þið eruð bara til á vegum SÍB til að efla fagvitund bankamanna. Við viljum ekkert efla fagvitund bankamanna heldur fagvitund okkar starfsfólks ... Það eina sem við höfum þegar upp er staðið er menntun og hæfileikar starfsfólksins. Þetta er samkeppnisvopn fyrirtækisins ... Auðvitað eru mótrök en þetta er alla vega það sjónarmið sem varð ofan á að lokum.

Hins vegar benti sami viðmælandi á að hugsanlegt væri að efla samstarf fyrirtækja sem væru ekki í beinni samkeppni og störfuðu í ólíkum geirum og nefndi dæmi um slíkt samstarf sem gefið hefði góða raun:

Aðilar hjá Eimskip, Flugleiðum og Íslandsbanka settu upp „executive management school“ milli þessara fyrirtækja, en þetta var fyrir tíma HR og stjórnendaskólans. Síðar datt Eimskip út en Sjóvá-Almennar komu inn í staðinn og björguðu samstarfinu. Með í þessu samstarfi var háskóli frá Norður-Karólínu. ... Þetta kom meira að segja fram í Business Week því það þótti merkilegt að þrjú fyrirtæki úr mismunandi viðskiptum tækju sig saman um svona rekstur ... Það var mjög sterkt í þessu tilfalli. Þú færð mikið víðsýni að heyra hvernig þessi stjórnar í svona fyrirtæki við þessar kringumstæður og hinn hinsegin og maður fær miklu meira út úr því en einhver prófessor er að segja.

Þannig má segja að það sé misjafnt eftir vettvangi og fyrirtækjum hvort talið sé æskilegt að standa sameiginlega að menntun starfsmanna.

## II. 3. Hver ber ábyrgð á menntun?

Mikilvægi þekkingar eykst stöðugt; fyrir einstaklinga, fyrirtæki og samfélagið – þekkingarsamfélagið. Uppbygging þekkingar eykur hæfni einstaklinga á vinnumarkaði og nýtist þannig þeim, atvinnulífinu og samfélaginu öllu. Menntun í atvinnulífinu er því sameiginlegt hagsmunamál og viðfangsefni samtaka launafólks og atvinnurekenda. Þar hafa stjórnvöld einnig skyldum að gegna.<sup>83</sup>

<sup>82</sup> www.mimir.is og Halldór Grönvold (2003). *Þátttaka verkalyðsbreyfingarinnar í starfsmenntun og fullorðinsfræðslu*. ASÍ. Febrúar. Óútgefið rit.

<sup>83</sup> Halldór Grönvold (2003). *Þátttaka verkalyðsbreyfingarinnar í starfsmenntun og fullorðinsfræðslu*. ASÍ. Febrúar. Óútgefið rit.



Í þessari yfirlýsingu vitnar Halldór Grönvold til áherslna og helstu verkefna ASÍ<sup>84</sup> og veltir m.a. upp þeirri spurningu hver beri ábyrgð á menntun einstaklinga og hvaða skyldum stjórnvöld hafi þar að gegna. Enn fremur verður menntun einstaklinganna í auknum mæli að keppikefli fyrirtækja og því hagsmunamál þeirra að hér sé menntakerfi sem sinnir þeirra þörfum. Þannig hafa viðhorf um gildi menntunar breyst og menntastig í landinu hækkað verulega.

### II. 3. 1. Menntunarmöguleikar

Viðhorfin hafa þróast í þá veru að lítið er svo á að menntun sé öllum mikilvæg, ekki bara þeim sem fara í formlegt nám. „*Áður var stundum lítið svo á að menntun væri fyrir einhverja aðra ... og stundum var sagt að ef menn menntuðu sig þá menntuðu þeir sig burtu. 1986 er síðan samið um 40 klukkustunda námskeið fyrir fiskverksunarfólk ... Þetta var svona fyrsta viðurkenningin á því að fólk í fiskvinnslu þyrfti einhverja menntun.*“ Í kjölfarið beindust augu manna ekki einungis að formlega skólakerfinu heldur í auknum mæli að símenntun, endurmenntun og fullorðinsfræðslu sem fer fram utan hefðbundins skólakerfis. Samfara auknu gildi menntunar og nýjum viðhorfum í menntamálum hafa aðilar á vinnumarkaði horft til formlega skólakerfisins og vilja sjá þar tiltekna breytingar í samræmi við þarfir markaðarins. Þeir benda á að íslenskt skólasamfélag sé lokað og vilja gera það sveigjanlegra:

Skólasamfélagið íslenska er mjög lokað og múrað, annaðhvort ertu iðnaðarmaður og ferð þá leið í náminu eða þú ferð í stúdentsprófið og upp í háskóla. Þetta hefur allt verið mjög niðurnjörvað. Við viljum opna þetta og gera þetta meira sveigjanlegt svo fólk komist inn á nýjar leiðir, styttri námskeið sem þú getur kannski notað í formlegt iðnnám eða eitthvað slíkt.

Fleiri tóku undir þetta:

Við höfum efasemdir um þetta menntakerfi, stúdentspróf og slíkt ... Mesti vöxturinn er í latínuskólanum ... Það þarf að breyta aðeins þessu til að fá almenna breytingu í gegn ... Nám í verk- og tækninámi fyrir mig á framhaldsskólastigi á að miða að einhverju öðru en að taka stúdentspróf sem inngöngu í háskólanám. Það er sú hugsun sem þarf að breyta ... Við erum svolítið stöðnuð núna.

Í tengslum við umfjöllun um menntakerfið kom fram að sé ætlunin að breyta áherslum í menntamálum þá þurfi að raungera breytingarnar með því að kerfisbinda þær á einhvern hátt. „*Vandamálið er pínulítið það að búa til þessi hólf, vinnumál eru hér og menntamál eru hér, það vantar tenginguna. ... Hver er tengingin í þessu formlega menntakerfi, hún verður að vera til staðar einhvers staðar. ... Það verður að hafa kerfi í kringum hlutina.*“ Sem dæmi um hvernig er leitast við að kerfisbinda óformlega menntun og tengja hana formlegu menntakerfi hefur FA unnið að því að meta nám sem boðið er upp á utan formlegs skólakerfis til eininga í framhaldsskólum. „*Ef okkur tekst að virkja þá menntun á einhvern hátt til styttingar framhaldsskóla erum við að greiða götu fólks til þess að komast inn í skólakerfið og ljúka námi.*“

Tenging menntunar á vinnumarkaði við hið formlega skólakerfi vekur spurningar um hver beri ábyrgð á menntun einstaklinganna. Viðmælendur töldu almennt að „*þetta hljóti að vera samstarfsverkefni*“ einstaklinganna sjálfra, atvinnulífs og stjórnvalda. Í þeim efnum var m.a. horft til Norðurlanda og bent á að þar komi stjórnvöld í ríkari mæli að fjármögnun starfsmenntunar:

Það er talað um íslenska módelið í fræðslu því það er svo sjaldgæft að atvinnurekendur og launþegar taki sig saman um að búa til samstarfsvettvang ... Ef við berum okkur saman við Norðurlöndin þá er það ríkið sem sér um þetta þar í meiri mæli. Þeir borga að því er virðist ótrúlega mikið en hér borgar ríkið lítið.

Ábyrgð stjórnvalda hefur borið á góma í niðurstöðum verkefna, sem hafa verið fjármöggnuð af atvinnurekendum eða launþegum. Þar ber að nefna rekstur Grunnmenntaskólans og Landnemaskólans sem vekur spurningu um hverjum beri að kosta almennt grunnnám á framhaldsskólastigi.

Á vef Mímis-símenntunarstöðvar<sup>85</sup> kemur fram að Grunnmenntaskólinn er fyrir þá sem hafa stutta skólagöngu að baki og leitast við að undirbúa sig fyrir frekara nám. Skólinn býður upp á 300 stunda almennt nám; íslensku, hagnýtan reikning, ensku og tölvunám. Einnig er kennd sjálfstyrking, námstækni og veitt

<sup>84</sup> Halldór Grönvold (2003). *Þátttaka verkalyðsbreyfingarinnar í starfsmenntun og fullorðinsfræðslu*. ASÍ. Febrúar. Óútgefið rit.

<sup>85</sup> [www.mimir.is](http://www.mimir.is)

náms- og starfsráðgjöf. Skólinn er samstarfsverkefni Eflingar-stéttarfélags, Starfsafls og Mímis-símenntunar. Grunnmenntaskólinn er opin en félagsmenn Eflingar og Verzlunarmannafélags Reykjavíkur fá sérstakan styrk frá sínum félögum til að sækja skólann. Í tengslum við rekstur þessa skóla vekur fræðslustjóri máls á því hvort þarna séu einstaklingar og stéttarfélög að greiða nám fyrir fólk sem ekki fór í framhaldsskóla:

Grunnmenntaskólinn kostar ... kringum 300 þúsund kr. á einstakling. Fræðslusjóðirnir okkar hafa verið að borga það og síðan borga einstaklingarnir u.þ.b. 10% sem þeir fá að hluta til endurgreitt með einstaklingsstyrkjum frá okkur líka. Þar fengum við ákveðið framlag frá ráðuneytinu svo að við gátum lækkað kostnað einstaklingsins. En maður spyr sig af því að við erum með þarna skóla sem hefur sýnt ákveðinn árangur hvort ekki væri eðlilegt að við fengjum frá ráðuneytinu vel upp í þann kostnað því við erum að þjálfa fólk þarna sem fór ekki í framhaldsskóla.

Í nýlegri skýrslu, *Menntareikningum*,<sup>86</sup> kemur fram að það kostar samfélagið um 2 milljónir kr. að koma hverjum einstaklingi í gegnum framhaldsskóla. Því er velt upp hvort þeir aðilar sem ekki hafa farið í framhaldsskóla eigi siðferðilegan rétt á sambærilegum stuðningi til náms, jafnvel þótt þeir velji að fara í námið á seinni stigum lífsins og hvort sem námið er starfstengt eða ekki.

## II. 3. 2. Ábyrgð atvinnurekenda

Þrátt fyrir ábendingar og skoðanir þess efnis að ríkinu beri að koma inn í þann rekstur sem dæmi eru tekin af hér að framan voru viðmælendur einnig sammála um að meðal stjórnenda fyrirtækja væru viðhorf gagnvart menntun einnig að breytast. Þeir gerðu sér sífellt betri grein fyrir því að aukin fræðsla væri fyrirtækinu til hagsbóta. Í samantekt Inga Rúnars Eðvarðssonar kemur fram að rannsóknir hafi sýnt að starfsmenntun minnki starfsmannaveltu, auki starfsánægju og framleiðni sem og markaðsvirði og hagnað fyrirtækja.<sup>87</sup> Ingi Rúnar skoðar í sama riti fræðslustarf íslenskra fyrirtækja og segir vakningu hafa orðið meðal stjórnenda fyrirtækja á liðnum árum til að efla menntun. Sem dæmi um fræðslustarf íslenskra fyrirtækja bendir hann á Stór-íðjuskóla Ísal, Leiðtogaþjálfun Ísal, fræðslustarfsemi Baugs og segir banka og fjármálastofnanir einnig standa framarlega í fræðslu starfsfólks. Fleiri dæmi eru tekin svo sem rekstur ÚA-skólans, Menntafélagið ehf. sem rekur Fjöltækniskólann skv. samningi við menntamálaráðuneyti. Að Menntafélaginu standa Landssamband íslenskra útvegsmanna, Samtök íslenskra kaupskipaútgerða og Samtök orkuframleiðenda í landinu. Þar að auki sitja forseti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og formaður Vélstjórafélags Íslands í stjórn félagsins. Að lokum er bent á samstarf SH, SÍF og LÍÚ við HR um valnámskeið í viðskiptafræði.<sup>88</sup>

Starfandi fræðslustjórar og ráðgjafar sem tekin voru viðtöl við bentu á breytt viðhorf stjórnenda fyrirtækja til menntunar. Menntastig stjórnendanna sjálfra hefur hækkað og þeir leggja meiri áherslu á að sækja sér nýja þekkingu. Má nefna stækkandi hóp stjórnenda sem eiga að baki MBA-nám í mannauðsstjórnun. Einnig bentu viðmælendur á aukin hlutverk ráðgjafa sem eru fagaðilar í fræðslumálum fyrirtækja og segja ennfremur miklar breytingar hafi átt sér stað í því fagi. Í byrjun hafi endurmenntun fyrirtækja t.a.m. í meiri mæli gengið út á að „*hafa alla glæða og gera eitthvað skemmtilegt*“. Nú sé komin meiri fagmennska í fræðslustarf og stjórnendur sjá að „*fræðslan getur stutt við markmið fyrirtækisins og að þetta sé tæki til að ná árangri en ekki bara til gamans gert*“.

## II. 3. 3. Ábyrgð á upplýsingamiðlun

Sams konar álitamáli var velt upp varðandi rekstur vefjarins Iðan.is sem er upplýsingavefur um nám og störf fyrir ungt fólk og rekinn alfarið af SI. Í þeim efnum var kallað eftir ábyrgð stjórnvalda til að upplýsa ungt fólk um möguleika í nám og starfi:

<sup>86</sup> Hagfræðistofnun HÍ fyrir VR, Eflingu og Starfsmenntaráð (2004). *Menntareikningar*. [http://www.vr.is/Uploads/VR/utgefid\\_efni\\_vr/hagfraedistofnun\\_menntareikningar\\_des\\_2003.pdf](http://www.vr.is/Uploads/VR/utgefid_efni_vr/hagfraedistofnun_menntareikningar_des_2003.pdf)

<sup>87</sup> Ingi Rúnar Eðvarðsson (2003). *Starfsmenntun í atvinnulífinu*. Háskólinn á Akureyri, Akureyri. Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir (2001a). *Símenntun í atvinnulífinu. Afbugun á þátttöku fólks á aldrinum 18–75 ára í starfsnámi utan skólakerfis og afstaða stjórnenda og starfsfólks til slíks náms*. Félagsvísindastofnun HÍ, Reykjavík, nóvember.

<sup>88</sup> Ingi Rúnar Eðvarðsson (2003). *Starfsmenntun í atvinnulífinu*. Háskólinn á Akureyri, Akureyri.

Við höfðum beðið lengi eftir samstarfi við menntamálaráðuneytið um Iðuna en það er vefur sem við rekum al-farið hjá Samtökum iðnaðarins án þátttöku menntamálaráðuneytisins ... Við erum í samstarfi við menntastofn-anir í sambandi við Iðuna. Við borgum einhverjar 20 milljónir kr. á ári í reksturinn á þessu ... Þetta er eini stað-urinn þar sem upplýsingar um nám og störf eru lagaðar að ungu fólki. Af hverju erum við að eyða fjármagni og tíma starfsfólks í þetta, þetta er ekki okkar mál fyrst og fremst. Þannig að við þurfum að verja þetta fyrir okkar stjórn um leið og við sækjum á gagnvart ráðuneytinu að taka yfir og sinna þessari upplýsingaskyldu sinni. Á upp-lýsingaöld er það hrein og klár skylda stjórnvalda að upplýsa um möguleika til náms og starfa.

## II. 3. 4. Ábyrgð einstaklingsins

Ef hugað er að hugmyndafræði stéttarfélaganna um menntamál má sjá auknar áherslur í þá veru að styrkja einstaklinginn til að efla sig og samkeppnishæfni sína með aukinni menntun. Aðspurður lýsti fræðslustjóri VR hugmyndafræði félagsins um menntun á þennan hátt:

Í stuttu máli mætti segja að okkar hugmynd er að gera félagsmanninn sem hæfastan á vinnumarkaði. Svona ein-staklingsmiðuð hugsun svolítið. Að hjálpa félagsmanni að hjálpa sér sjálfum til þess að ná bættum kjörum, mennta sig og annað slíkt. Við erum bakhjarl, m.a. með sterka sjóði til að styrkja fólk til náms.

Fræðslustjóri Eflingar tók í sama streng:

Hugmyndafræðin er held ég nokkuð sameiginleg innan allrar verkalýðshreyfingarinnar og það er vaxandi partur af kjörum að eiga kost á stöðugri menntun, fræðslu og hæfnisuppbyggingu. ... Menn eru að viðurkenna að þetta er m.a. hlutverk stéttarfélaganna vegna þess að þau eru stofnuð til að bæta kjör fólks og standa vörð um hag fólks. Í dag er ekki nóg að berja í borðið og heimta krónur og aura því þú þarft líka að byggja einstaklinginn upp. ... Við erum í rauninni bara að ... gera einstaklinginn hæfari til að selja sjálfan sig eða gera hann verðmætari og það gerum við fyrst og fremst með menntun og fræðslu.

Fræðslustjóri í stórfyrirtæki fjallaði einnig um nauðsyn þess að hver einstaklingur þyrfti að vera ábyrgur fyrir sinni símenntun, þótt það væri e.t.v. atvinnurekenda eða stéttarfélaganna að skapa aðstæður til símenntunar. Hann sagði það vanda margra fyrirtækja að starfsmannavelta væri mikil og illmögulegt fyrir starfsmanna-stjóra stórra fyrirtækja að fylgjast ítarlega með færni hvers einstaklings og því þurfi „fræðilega séð hver starfs-maður að halda utan um sjálfan sig“.

## III. Eðli og umfang rannsókna

Þegar viðmælendur voru spurðir um úttektir eða rannsóknir á þeirra vegum vildu þeir fara varlega í orða-notkun og sögðu iðulega að upplýsingaöflunin sem ætti sér stað hjá þeim væri ekki formlegar rannsóknir. Starfandi ráðgjafi sagði t.d.: „Maður myndi aldrei skreyta slíkt með orðinu rannsóknir, bara gleyma því. Það sem skiptir máli er að koma með eitthvað hagnýtt sem borgar sig.“ Undir þetta tók viðmælandi hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins:

Ég hefði svona í fljótu bragði ekki kallað það rannsókn, en það getur vel verið að með útvíkkun á skilgreiningu megi vel gera það. Það er vissulega farið inn í fyrirtæki með ákveðin tæki þar sem fólk svarar spurningum og ákveðin aðferðafræði notuð til að átta sig á því hvaða þekkingarþörf er í fyrirtækinu. Þannig að auðvitað er það ákveðin rannsókn.

Að sama skapi kom fram hjá mörgum viðmælendum að ekki er endilega greint frá upplýsingaöflun í formi hefðbundinna rannsóknarskýrsla. Í sumum tilvikum eru gerðar einhverjar skýrslur, en e.t.v. á öðru en hefð-bundnu formi. „Það er að vísu gerð skýrsla yfir það en hún er kannski svona öðru vísi samsett. Þetta er meira svona innanbúss.“ Í öðrum tilvikum fari niðurstöður tiltekinnar upplýsingaöflunar beint inn í námskrárvinnu. „Þessi gögn eru undirlag undir námskrár sem við vinnum. Þannig að þetta fer svolítið í annað far en rannsókn. Þetta fer ekki í rannsóknarskýrslu.“ Viðmælandi hjá ASÍ tók í sama streng:

Auðvitað vinnum við rannsóknir í þeim skilningi að við reynum að greina aðstæður og við reynum síðan að finna einhverja lausn. Þetta er praktískt miðað og það eru heilmiklar þælingar ... en það liggur ekki hefðbundin rannsóknaráætlun að baki eða birting.

Af þessu má sjá að sá fjöldi birtinga sem safnaðist og greint er frá hér að neðan endurspeglar ekki alla þá upplýsingaöflun og kerfisbundnu athuganir sem unnar eru víða í atvinnulífinu.

### III. 1. Flokkun rannsókna

#### III. 1. 1. Kostunaraðilar

Opinberir aðilar (skóla- og fræðsluskrifstofur, menntamálaráðuneyti og aðrir opinberir aðilar) komu að kostun við 68% birtinga og þeir sem flokka má sem einkaaðila (endurmenntunaraðilar, félög og samtök, aðrir einkaaðilar) komu að fjármögnun 70% birtinga (tafla 3). Hafa ber í huga að sum verkefni voru kostuð af fleiri en einum aðila.

Fáeinir kostunaraðilar höfðu aðsetur á fleiri en einum stað. Alls höfðu 74% kostunaraðila m.a. aðsetur í Reykjavík og 29% m.a. á landsbyggðinni (tafla 4). Um 10% kostunaraðila höfðu aðsetur erlendis.

Tafla 3. Kostunaraðili sem stendur að baki birtingar 1998–2003

	Fjöldi	Hlutfall tilvika %	Hlutfall birtinga % *
Skóla- og fræðsluskrifstofur	5	5	8
Endurmenntunaraðilar	14	14	23
Háskólastofnanir	15	15	25
Félög og samtök	16	16	27
Menntamálaráðuneyti	15	15	25
Aðrir opinberir aðilar	21	21	35
Aðrir einkaaðilar	12	12	20
<b>Alls</b>	<b>98</b>	<b>100%</b>	<b>154%</b>

\* Í sumum tilvikum eru verkefni flokkuð á fleiri en einn veg. Heildarhlutfall birtinga/tilvika er því hærra en 100%

Tafla 4. Aðsetur kostunaraðila 1998–2003

	Fjöldi	Hlutfall tilvika %	Hlutfall svara % *
Aðsetur í Reykjavík	46	65	74
Aðsetur á höfuðborgarsvæði, utan Reykjavíkur	0	-	-
Aðsetur á landsbyggð	18	25	29
Aðsetur erlendis	7	10	11
<b>Alls</b>	<b>71</b>	<b>100%</b>	<b>115%</b>

\* Í sumum tilvikum eru verkefni flokkuð á fleiri en einn veg. Heildarhlutfall birtinga/tilvika er því hærra en 100%

Rannsóknarfyrirtæki á borð við Gallup, IBM og Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri framkvæmdu um þriðjung þeirra verkefna sem bárust. Í öðrum verkefnum voru viðkomandi stofnanir/fyrirtæki eða aðilar á þeirra vegum nefndir sem framkvæmdaraðilar.

#### III. 1. 2. Rannsóknarsvið

Ef marka má umfang innsendra gagna má ætla að rannsóknir í menntámálum í atvinnulífinu séu ekki umfangsmiklar.

Innsend rit flokkuðust efnislega oftast undir rannsóknir á atvinnulífi og/eða undir rannsóknir á menntakerfi sem ekki kemur á óvart. Í sumum tilvikum flokkuðust innsend rit í fleiri en einn flokk, en algengast var að þau flokkuðust undir rannsóknir á atvinnulífi og/eða undir rannsóknir á menntakerfi (tafla 5). Hér undir flokkast t.d. verkefni í tengslum við námskrárvinnu starfsgreinaráða, úttektir á starfsmenntun og greiningar á störfum svo eitthvað sé nefnt.

Um 23% birtinga voru óháð skólastigi en innsend rit flokkuðust nokkuð jafnt milli framhaldsskólastigs, háskólastigs, fullorðinsfræðslu og endur- og símenntunar (17–23%) (tafla 6).

Tafla 5. Birtingar rannsókna í atvinnulífi – Rannsóknarsvið 1998–2003

	Fjöldi	Hlutfall svara	Hlutfall birtinga *
Nám og þroski	1	1	2
Líkamlegt og andlegt atgervi	1	1	2
Menntakerfið	29	29 <sup>i</sup>	46 <sup>ii</sup>
Faggreinar í skólum	9	9	14
Samfélagið	6	6	10
Stjórnsýsla og atvinnulífið	41	41	65
Upplýsinga- og samskiptatækni	8	8	13
Aðferðafræði	1	1	2
Aðstaða og búnaður	-	-	-
Þvert á alla flokka	3	3	5
<b>Alls</b>	<b>99</b>	<b>100%</b>	<b>159%</b>

\* Í sumum tilvikum eru verkefni flokkuð á fleiri en einn veg. – Heildarhlutfall birtinga/tilvika er því hærra en 100%

<sup>i</sup> Til útskýringar á ólíkum prósentutölum sýnir þessi prósentutala 29/99 heildarfjöldi flokkana=29%

<sup>ii</sup> Til útskýringar á ólíkum prósentutölum sýnir þessi prósentutala 29/63 heildarfjöldi skýrsla=46%

Tafla 6. Birtingar rannsókna í atvinnulífi – Skólastig 1998–2003

	Fjöldi birtinga	Hlutfall svara %	Hlutfall birtinga *
Óháð skólastigi	15	17	23
Leikskólastig	3	3	5
Grunnskólastig 1.-7. bekkur	9	10	14
Grunnskólastig 8.-10. bekkur	9	10	14
Framhaldsskólastig	12	14	19
Háskólastig	14	16	22
Fullorðinsfræðsla	11	13	17
Endur- og símenntun	15	17	23
<b>Alls</b>	<b>88</b>	<b>100%</b>	<b>137%</b>

\* Í sumum tilvikum eru verkefni flokkuð á fleiri en einn veg.  
Heildarhlutfall birtinga/tilvika er því hærra en 100%

### III. 1. 3. Aðferðir

Í mörgum rannsóknum voru notaðar fjölþættar aðferðir svo flokka þurfti þau verkefni í fleiri en einn flokk og eru því heildartölur hærri en heildarfjöldi skýrsla sem áður (tafla 7). Í þeim tilvikum sem aðferðafræðin átti ekki við var t.d. um að ræða verkefni þar sem ekki eru notaðar hefðbundnar rannsóknaraðferðir félags-

Tafla 7. Aðferðafræði rannsókna í atvinnulífi 1998–2003

	Fjöldi birtinga	Hlutfall svara %	Hlutfall birtinga *
Aðferðafræði á ekki við	20	20	31
Fræðilegt yfirlit	-	-	-
<b>Eigindlegar rannsóknaraðferðir</b>	<b>34</b>	<b>34</b>	<b>53</b>
Opin viðtöl	7	7	11
Greining fyrirliggjandi eigindlegra gagna	13	13	20
Aðrar eigindlegar aðferðir	14	14	22
<b>Megindlegar rannsóknaraðferðir</b>	<b>45</b>	<b>45</b>	<b>70</b>
Spurningalistakannanir	22	22	34
Greining fyrirliggjandi meginlegra gagna	17	17	27
Aðrar meginlegar aðferðir	6	6	9
<b>Alls</b>	<b>99</b>	<b>100%</b>	<b>154%</b>

\* Í sumum tilvikum eru verkefni flokkuð á fleiri en einn veg.  
Heildarhlutfall birtinga/tilvika er því hærra en 100%

vísinda og eru niðurstöður starfshópa um tiltekið efni dæmi um slíkt. Segja má í grófum dráttum að meginlegar aðferðir séu notaðar talsvert meira en eigindlegar og spurningalistakannanir algengastar.

Í viðtölunum voru viðmælendur spurðir á hvaða rannsóknarsviðum þeir teldu að helst vantaði rannsóknir eða þekkingu og hvernig upplýsingar þeir gætu nýtt sér. Almenn höfðu viðmælendur orð á því að rannsóknir á starfsmenntun eða rannsóknir í menntamáli í atvinnulífinu væru ekki umfangsmiklar. „*Rannsóknir í starfsmenntun eða rannsóknir í menntamáli eru ekki gífurlega umfangsmiklar. Það er t.d. verið að rannsaka allt mögulegt sem tengist grunnskólunum ... en mér finnst vanta t.d. um starfsmenntun ... Mér finnst það skorta mjög.*“

Í tengslum við sterk og veik rannsóknarsvið var bent á að þær menntarannsóknir sem gerðar hafa verið á vinnumarkaði séu oftast smáar í sniðum, t.d. í formi nemendaverkefna. Þörf væri hins vegar á stærri verkefnum á doktorsstigi eða uppsafnaðri þekkingu:

Mér finnst blasa við að það hefur lítið verið rannsakað hér á landi á þessu sviði yfir höfuð. Það er verið að skrifa núna fullt af meistaraprófsritgerðum um þessi mál. En það er ekki mikið af virkilega vönduðum og miklum rannsóknum og allra síst á fullorðinsfræðslunni.

Varðandi tiltekin rannsóknarsvið töldu margir vanta almennar rannsóknir á vinnumarkaðnum og tengslum menntunar við hann. Þær þykja „*fátæklegar*“, ekki síst í samanburði við önnur lönd. Þessi tilvitnun lýsir viðhorfi margra viðmælenda vel:

Það eru fáir hér á landi sem eru að sinna eiginlegum starfsmenntarannsóknum. Við þurfum líka meiri rannsóknir á atvinnulífinu sem slíku vegna þess að við þurfum að geta tengt saman atvinnustefnu og starfsmenntastefnu. Við erum að kalla eftir greiningu á færnikröfum starfa ... það er ekki nóg að skoða bara einstök störf, þarna skiptir starfsumhverfið svo miklu máli. Mér finnst það vera mjög veikur hlekkur.

Þá voru allnokkrir viðmælendur stéttarfélagar og stofnana þeim tengdra sem sögðu að sig vantaði þekkingu á þeim markhópum sem þeir vinna með, t.d. markhópum FA, Eflingar og VR. „*Einna helst stendur okkur fyrir þrifum í allri þróun að um leið og við erum að þróa eitthvert nám og möguleika þá erum við að reyna að skilgreina hópinn okkar.*“ Í tengslum við þetta nefndi viðmælandi hjá FA að nauðsynlegt væri að kortleggja þann stóra hóp fólks sem ekki lýkur framhaldsskólanámi og öðlast aukinn skilning á því hvers vegna þeir ljúka ekki námi. Þá var nefnd nauðsyn þess að skoða hverju sí- og endurmenntun hefur skilað, annars vegar fyrir starfsmenn og nemendur og hins vegar fyrir fyrirtækin:

Það eru settir gríðarlegir peningar í símenntun hér á landi og eftir því sem ég best veit hefur það lítið verið skoðað hvað kemur út úr þessu og hvaða árangri þetta skilar. ... Ég hef ekki rekist á neitt sem sannar gildi fræðslunnar úti í atvinnulífinu. ... Við höfum heldur ekki haft tækifæri til að skoða hvaða aðferðir, kennsluáferðir, nálgun hentar best á vinnumarkaðnum til þess að við náum árangri.

Þrátt fyrir ofangreindar ábendingar þess efnis að almennt sé of lítið um menntarannsóknir í atvinnulífinu var nefnt var að nú væri að skapast vettvangur í þeim efnunum en fjallað verður um það í kafla um samstarf um rannsóknir hér á eftir.

## III. 2. Dreifing

Yfirgnæfandi meirihluti birtinga meðal stofnana og fyrirtækja í atvinnulífinu er í formi skýrslna (tafla 8). Í flokknum annað koma t.d. til birtingar á formi nefndarálits eða yfirlits (9), heftis (6) og margmiðlunar (1).

Tafla 8. Birtingarform

	Fjöldi	Hlutfall %
Skýrsla	48	75
Annað (álit, yfirlit, hefti, margmiðlun)	16	25
<b>Alls</b>	<b>64</b>	<b>100%</b>

Fram kom í máli viðmælenda að jafnvel þótt tilteknir aðilar leggi mikla áherslu á birtingar og/eða dreifingu sé víða pottur brotinn í miðlun þekkingar. Hluti kerfisbundinnar upplýsingaöflunar í atvinnulífinu er ekki formlega birtur eins og fram kom í kafla um eðli rannsókna. Í sumum tilvikum eru gerðar einhverjar skýrsl-

ur en það er ekki algilt. Í öðrum tilvikum fara t.d. niðurstöður tiltekinnar upplýsingaöflunar beint inn í námskrárvinnu eins og áður kom fram. Einnig eru skýrslurnar gjarnan ekki á formi til dreifingar.

Almennt virðist dreifing á niðurstöðum vera fremur tilviljunarkennd og hefð fyrir formlegum birtingum er ekki sterk:

Nei og ég held að það sem við þurfum að bæta sé öguð vinnubrögð. Vegna þess að þetta [upplýsingaöflun og birting] er tiltölulega formlaust þá býður það hættunni heim. ... Það vantar þessa samfelldni. Einhverjir detta út og aðrir koma inn og þá taka þeir allt með sér og svo er það hitt að það vantar kannski þennan trausta grunn að byggja ofan á.

Í tengslum við „*tilviljunarkennda dreifingu*“ var bent á að enginn bæri ábyrgð á eða hefði umboð til að halda utan um þær rannsóknir sem væru gerðar á þessu sviði. Þá kom fram hugmynd um að Landsbókasafnið hefði það hlutverk að þjóna atvinnulífinu sem upplýsingamiðill en sú þjónusta væri ekki fyrir hendi hjá Háskólabókasafni:

Ég sé fyrir mér jafnvel Landsbókasafnið ... að þeir ættu líka að þjóna atvinnulífinu og halda utan um upplýsingar og gera þær aðgengilegar sem ekki bara Háskólabókasafn heldur Landsbókasafn. Mér finnst vanta svolítið þennan þjónustulið og ég sé fyrir mér skemmtilegan gagnabanka þar sem rannsóknarniðurstöður færu inn.

Þrátt fyrir framangreind atriði voru viðmælendur almennt sammála um að þekkingarmiðlun færðist í aukana. „Ég held þetta sé í vaxandi mæli að fólk er farið að leita sér upplýsinga. Netið, aukin samskipti og ráðstefnuhald og fleira hafa vakið athygli manna á því að það er eitthvað þarna sem nýtist manni.“ Einnig var talað um talsverða upplýsingamiðlun frá menntamálaráðuneytinu til samtaka á vinnumarkaði bæði í formi póstsendinga og að vefur ráðuneytisins sé „*lifandi*“ með fréttir og allt útgefið efni. Í tengslum við það var haft á orði að „*upplýsingasamfélagið virki*“. Þá ber að taka fram að sérstök áhersla er lögð á dreifingu þekkingar hjá mörgum viðmælendum og upplýsingamiðlun í góðum farvegi. Um dreifingu sagði fræðslustjóri VR: „*Við höfum lagt áherslu á að vera aðgengileg, að gögn séu aðgengileg, skýrslur t.d. á netinu, umfjöllun í fréttabréfum ... og við höfum haft kynningarfundir. Þá notum við sjónvarpið mikið með auglýsingaberferðum og slíku en kannski ekki beint til að kynna rannsóknir.*“

Oft var vísað til vefsíðna viðkomandi samtaka þegar spurt var um birtingar og áhersla lögð á að birta sem mest þar. Einnig eru iðulega birtar niðurstöður í fréttabréfum og haldnir fyrirlestrar eða jafnvel fyrirlestraraðir til kynningar. Þá kom fram að birtingarformið í atvinnulífinu væri ólíkt akademískri hefð. Skýrslur væru ólíkt uppbyggðar, þyrftu að vera hnitmiðaðar og vel settar fram. Hætta væri á því að „*stórar skýrslur hyrfu*“. Síðast en ekki síst var áberandi áhersla lögð á þátt fjölmiðla þegar um stærri rannsóknarverkefni var að ræða. Þannig var t.d. haldinn blaðamannafundur í tengslum við rannsókn á áhrifum styttingar grunn- og framhaldsskóla á einstaklinga, sveitarfélög, ríkissjóð og þjóðarframléiðslu. „*Menn reyna jú að kalla fjölmiðla til og reyna að fá umfjöllun.*“

Það virðist enginn aðili halda utan um alla símenntun í landinu og tryggja upplýsingamiðlun. Viðmælandi hjá menntamálaráðuneytinu hafði þetta um það mál að segja: „*Þarna erum við komin að brotalöm sem við höfum eða menn hafa mikið rætt um undanfarin ár, það virðist enginn bera skyldur í þessu eða að minnsta kosti ekki fjárhagslega.*“ Nefnd var ábyrgð ráðuneytis á því að halda til haga niðurstöðum úttekta og rannsókna í atvinnulífinu því enginn annar hafi umboð til þess:

Það er ábyggilega hvergi haldið utan um þetta [niðurstöður] ... Það er enginn aðili sem hefur umboð til að kalla inn þær rannsóknir sem hafa verið gerðar eða mér er ekki kunnugt um það. Æskilegt væri að safna þessu einhvers staðar saman í gagnabanka. ... Mér finnst að ráðuneytið ætti að gera það.

Þrátt fyrir samstarf og ágætt upplýsingastreymi frá menntamálaráðuneyti til formlegra samtaka atvinnurekenda og launþega þá kom fram hjá þeim ráðgjöfum sem tekin voru viðtöl við að enginn vettvangur eða upplýsingaflæði væri milli fræðsluaðila í atvinnulífinu og ráðuneytis. Ennfremur kom fram það sjónarmið að almennar grunnrannsóknir á vegum hins opinbera væru ekki þess eðlis að þær væri beinlínis hægt að hagnýta. Fræðslustjóri hjá stórfyrirtæki og starfandi ráðgjafi sagði um þetta: „*Ég hef það á tilfinningunni að ekkert skili sér til okkar ... það sem ég hef séð í gegnum tíðina [af rannsóknum frá stjórnvöldum] er ekki mikið gagn í fyrir okkur.*“ Hjá öðrum starfandi ráðgjöfum var að sama skapi talað um nauðsyn þess að efla upplýsingaflæði um fræðslumál í atvinnulífi. Því þyrfti að vera tiltekinn vettvangur eða gagnabanki sem hægt væri að leita í.

### III. 3. Samstarf um rannsóknir

Ef horft er til samstarfs um rannsóknir í menntamálum er ekki um auðugan garð að gresja. Í innsendum gögnum var m.a. skoðað hvort einn eða fleiri aðilar stæðu að tiltekinni birtingu. Þar má bersýnilega sjá að ekki er mikið um rannsóknarsamstarf milli aðila á vinnumarkaði. Af 64 innsendum birtingum reyndust einungis sex vera unnar í samstarfi stofnana/fyrirtækja, ef marka má það sem kemur fram í formála eða á forsíðu ritanna. Þó er hægt að finna dæmi um samstarf í rannsóknnum á fræðslumálum. Ef dæmi eru tekin um samstarfsverkefni ber fyrst að nefna verkefnið Menntareikningar sem áður hefur verið fjallað um í þessari skýrslu.<sup>89</sup> VR og Efling áttu forgöngu um verkefnið og fengu styrk til þess hjá Starfsmenntaráði.

Þá er vert að minnast á sameiginlegt átak aðila á vinnumarkaði og stjórnvalda í símenntun. Árið 1997 skipaði menntamálaráðuneytið nefnd um símenntun sem áður hefur verið vikið að. Í henni sátu fulltrúar ríkis, launþega og atvinnurekenda. Afrakstur þess átaks var m.a. skýrsla verkefnisstjórnar, Símenntun – Afl á nýrri öld sem kynnt var í júní 2002.<sup>90</sup> Í skýrslunni eru bæði teknar saman fyrirliggjandi upplýsingar um símenntun en einnig gerðar beinar athuganir. Í október 2002 kom út úttekt á stöðu og framtíðarhorfum fræðslu- og símenntunarstöðva á landsbyggðinni en úttektin var samstarfsverkefni menntamálaráðuneytis og Kvasirs (Samtök símenntunar- og fræðslumiðstöðva á landsbyggðinni). Séu fleiri dæmi tekin um samstarf um rannsóknir má nefna skýrslu samstarfshóps Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, Fjórðungssambands Vestfirðinga og Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða um uppbyggingu háskólanáms og rannsókna á Vestfjörðum og samantekt ASÍ og SA um Samstarf aðila vinnumarkaðarins í menntamálum sem hér hefur títt verið vitnað í.

Út frá innsendum gögnum má skoða fjölda höfunda sem vísbendingu um samstarf (þó ekki samstarf milli stofnana) þótt slíkt sé að sjálfsögðu ekki algilt mat. Athygli vekur að í 59% tilvika eru stofnanirnar/fyrirtækin sem slík skráðir höfundar í stað tiltekinn einstaklinga (tafla 9). Í um fimmtungi tilvika er höfundur birtingar einn og höfundar eru tveir eða fleiri í 20% tilvika. Séu þessar niðurstöður bornar saman við niðurstöður menntarannsóknna í háskólum má sjá að þar er hefðin ólík, en 77% birtinga þar voru skrifuð af einum höfundi, enda sterk hefð fyrir einyrkjavinnu í rannsóknnum hug- og félagsvísinda.

Tafla 9. Fjöldi höfunda sem standa að hverri birtingu

	Fjöldi	Hlutfall %
Einn höfundur	13	20
Tveir höfundar til fjórir höfundar	7	11
Fimm eða fleiri höfundar	9	10
Stofnunin skráð höfundur	38	59
<b>Alls</b>	<b>267</b>	<b>100%</b>

Viðmælendur töldu almennt að aukið samstarf myndi stuðla að eflingu menntarannsóknna. Bent var á að mörg verkefni á sviði starfsmenntunar væru nemendaverkefni og að skortur væri á stærrum rannsóknum „á doktorsstigi“. Einnig var talað um hvernig sjóðunum væri varið og með þeim mætti stuðla að samstarfi að rannsóknnum og að verkefni væru viðameiri og jafnvel hagnýtari:

Það eru gríðarlegir peningar í þessum sjóðum og það er mín skoðun að þeim sé stundum kastað svolítið á glæ vegna þess að það er verið að henda þeim svolítið í hin og þessi verkefni ... Við höfum oft svo smáar rannsóknir þannig að einhver samhæfing sem staflar saman þessari þekkingu sem verður til og byggðist svo upp, maður sér þörf fyrir það.

Á sama hátt sagði fræðslustjóri stéttarfélags um þetta:

Þetta er stundum spurning um samvirkni og hvernig rannsóknirnar eru stundaðar þ.e.a.s. að það séu ekki bara einhverjir einstaklingar í einangrun að vinna heldur myndist svona samspil milli þeirra sem eru að fást við rannsóknir þannig að þær verði markvissari fyrir bragðið og að niðurstöðurnar verði nýttar.

<sup>89</sup> Hagfræðistofnun HÍ fyrir VR, Eflingu og Starfsmenntaráð (2004). *Menntareikningar*. [http://www.vr.is/Uploads/VR/utgefid\\_efni\\_vr/hagfraedistofnun\\_menntareikningar\\_des\\_2003.pdf](http://www.vr.is/Uploads/VR/utgefid_efni_vr/hagfraedistofnun_menntareikningar_des_2003.pdf)

<sup>90</sup> Menntamálaráðuneytið (1998). *Símenntun – afl á nýrri öld*. [http://menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf\\_Upplysingar-Utgefid/simennt.pdf](http://menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf_Upplysingar-Utgefid/simennt.pdf)



Annar fræðslustjóri tók í sama streng og sagði að þeirra þróunarvinna gengi m.a. út á að draga aðila saman til samstarfs, hvort sem það væru önnur stéttarfélög, fyrirtæki, fræðsluaðilar eða samtök. Með úthlutun styrkja Starfsmenntaráðs er að sama skapi leitast við að „*spyrða fólk saman*“ og umsóknir m.a. metnar á grundvelli samstarfs.

Ef lítið er frá samtökum launþega og atvinnurekenda og beint sjónum að fyrirtækjum og samstarfi þeirra í menntarannsóknnum þá sögðu viðmælendur á þeim vettvangi að þar væri lítið um rannsóknarsamstarf. Einhver dæmi eru um sameiginlega gagnaöflun í gegnum rannsóknarfyrirtæki en það er alfarið gert að frumkvæði viðkomandi rannsóknarfyrirtækis. Ólík fyrirtæki sæju sér hins vegar stundum hag í að taka þátt t.a.m. í ákveðinni könnun á tilteknum geira, en það væri ekki um eiginlegt samstarf að ræða. Aðspurð sagði fræðslustjóri VR að sama skapi að stéttarfélög væru ólík hvað varðar samsetningu félagsmanna og því ekki unnið að sameiginlegum rannsóknum á sviði menntamála.

## IV. Tengsl atvinnulífs við háskóla og fræði

Í áherslum SA, sem sjá má í Samstarf aðila vinnumarkaðarins um menntamál, segir: „*Háskólastigið er í örri þróun. Tækifæri til nýsköpunar og verðmætasköpunar eru þar mörg. Dæmin sýna að háskóladeildir, sem vinna markvisst að samstarfi við atvinnulífið, dafna vel og atvinnulífið nýtur þar góðs af.*“ Einnig kemur fram að lög um háskóla (nr.136/1997) séu „*afar snauð*“ af áherslum atvinnulífsins. Viðmælendur vegna þessarar úttektar voru almennt þeirrar skoðunar að of lítil tengsl væru milli atvinnulífs og fræðimanna eða háskólasamfélagsins og að það yrði til hagsbóta fyrir alla aðila að bæta um betur í þeim efnum. Í þessu samhengi var t.a.m. bent á að birtingar háskólanna væru ekki aðgengilegar og hafa þyrfti fyrir því að nálgast efni frá þeim. „*Það virðist vera lítil markaðssetning á efni sem kemur þaðan. Maður þarf að leita eftir því og hafa fyrir því sjálfur.*“ Því kom fram að háskólar þyrftu að „*opna sig fyrir atvinnulífi*“ m.a. með því að leggja meiri áherslu á að fá kennara til starfa úr atvinnulífinu. Eftirfarandi tilvitnanir tveggja viðmælenda eru lýsandi fyrir þessi viðhorf um lítil tengsl háskóla og atvinnulífs:

Við erum í raun í mjög litlum tengslum við háskólasamfélagið. Við virkum fyrst og fremst bara eins og fyrirtæki á markaði og kaupum þjónustu af rannsóknarfyrirtækjum og fáum fagfólk til að sinna rannsóknum á okkar vegum. En við erum lítið að nýta okkur Háskólann ... Mér finnst vanta mjög mikið samstarf atvinnulífs og skóla, bæði háskóla og framhaldsskóla.

Þetta eru pínulítið tveir heimar, atvinnulífið og menntakerfið. Það er gagnkvæm tortryggni sem er grunnt á en um leið er þetta mjög spennandi vettvangur að tefla þessum aðilum saman því sprengikrafturinn getur orðið svo mikill.

Þess er vert að geta að af innsendum gögnum voru birtingar unnar með fræðimanni í háskólasamfélagi í einungis fjórum tilvikum af 64.

### IV. 1. Rannsóknir vísindanna vegna

Viðmælendur úr atvinnulífinu gagnrýndu háskólastigið einnig fyrir val á viðfangsefnum og töldu oft erfitt að sjá hagnýtingu eða gagnsemi rannsókna fræðimanna í háskólum. Þetta má líka sjá í samantekt ASÍ og SA um *Samstarf vinnumarkaðarins um menntamál*<sup>91</sup> en þar kom fram að bæði væri nauðsynlegt að sinna grunnrannsóknum (vísindi vísindanna vegna) en einnig að þær væru drifkraftur nýrrar tækni og þekkingar (vísindi hagnýtingarinnar vegna). Þar segir ennfremur: „*Atvinnulífinu hefur virst að háskólastigið hafi fremur lagt áherslu á vísindi vísindanna vegna en minna sinnt hagnýtu blutverki sem leiðandi afl við að innleiða nýja tækni og aðferðir.*“<sup>92</sup> Sömu viðhorf mátti sjá meðal margra viðmælenda eins og má t.d. sjá af þessum orðum aðila hjá samtökum atvinnurekenda er hann ítrekaði mikilvægi samstarfs fræðimannasamfélags og atvinnulífs. „*Það er eiginlega það sama og er uppi með venjulegar hagnýtar rannsóknir eða rannsóknir yfirleitt. Samskipti milli þeirra sem eru að reyna að brjóta mál til mergjar skapar þekkingu þeirra sem nota niðurstöðurnar sem er kjarninn í því að rannsóknin*

<sup>91</sup> Guðmundur R. Árnason, Davíð Stefánsson, Halldór Grönvold og Ingi B. Bogason (2001). *Samstarf aðila vinnumarkaðarins um menntamál*. ASÍ og SI. Maí.

<sup>92</sup> Sama heimild.

nýtist.“ Í ástralskri úttekt<sup>93</sup> þar sem m.a. eru skoðuð áhrif rannsókna á ákvarðanatöku kemur ennfremur fram að þekki fræðimenn ekki flókið eðli stefnumótunarferlis (eins og oft á við um fræðimenn í háskólum) þá takmarki það möguleg áhrif rannsókna þeirra á ákvörðunartöku t.d. vegna efnisvals þeirra, tímalengdar verk-efna og eðlis birtingar. Því töldu þátttakendur í áströlsku úttektinni að rannsækendur í ráðgjafarfyrirtækjum hefðu tiltekna færni í að nýta upplýsingar í stefnumótunarvinnu umfram fræðimenn starfandi í háskólasamfélagi.

## IV. 2. Tengsl bundin einstaklingum

Það var áberandi í viðtölum að þau tengsl sem fyrir eru virðast byggja á persónulegum (og tilviljunarkenndum) tengslum en eru að litlu leyti innbyggð í kerfið. Ennfremur töldu viðmælendur almennt að skortur væri á fræðimönnum á sviði starfsmenntunar eða sem sinntu vinnumarkaðsrannsóknum. Iðulega voru nefnd tvö til þrjú nöfn þegar samstarf við háskólasamfélagið bar á góma. Þannig var t.d. bent á samstarf við Jón Torfa Jónasson, Gerði G. Óskarsdóttur og Gylfa Dalmann Aðalsteinsson auk fárra annarra nafna. Að sama skapi var bent á að það væri alfarið undir viðkomandi fræðimanni komið hvort hann tengdist atvinnulífinu á einhvern hátt, það væri enginn formlegur vettvangur. „Fyrirverandi fræðslustjóri hér er nú kominn upp í háskóla þannig að við erum í miklum tengslum við hann en það hefur ekki verið í farvegi þannig heldur bara óformlegt.“ Þannig kom það ítrekað fram að það vanti tiltekinn vettvang atvinnulífs og háskólasamfélags. Fræðslustjóri sagði: „Vettvangurinn er bara ekki til staðar, eiga þeir að bringja í okkur eða eigum við að bringja í háskólasamfélagið?“ Og enn annar viðmælandi sagði um þetta: „Við erum með einstaklinga út um allt sem eru að vinna en það skortir almenna stefnu í þessu.“ Undir þetta tók viðmælandi hjá menntamálaráðuneytinu sem taldi að ráðuneytið þyrfti að skapa vettvang:

Það finnst mér vera svolítið veikur hlekkur, mér finnst að þar mætti ráðuneytið taka sig á. Þótt við séum með starfsgreinaráðin og þau séu skipuð fólki úr atvinnulífinu og héðan. En við höfum ekki búið til neina umgjörð því við gætum alveg skapað einhvern vettvang frekar ... og það er kannski umhugsunarvert bæði varðandi kennaramenntunina, starfskennaramenntun og eins varðandi rannsóknir.

Viðmælandi sem starfað hefur mikið í og með fyrirtækjum taldi að „*vissulega væri bil*“ milli atvinnulífs og háskólamanna. Það væri svo stórt að erfitt gæti verið að leiða þessa hópa saman:

Þegar við sem erum að stýra svona fræðslumálum fyrir einkafyrirtæki og setjum saman við hinn hópinn þá er þessi hópur úr akademíunni með ákveðinn menntahroka og þeir vita allt ... Við viljum meira samstarf við þá ... já auðvitað ... en stundum þegar þessir hópar eru saman, þá finnur maður bara rafmagn í loftinu, bara ekkert sem hægt er að tala um sameiginlega eða mjög lítið.

Jafnvel þótt þetta sjónarmið hafi komið fram ber að ítreka að þó að almennt hafi viðmælendum þótt vanta tengsl við háskólaumhverfið, þá var það ekki almennt sjónarmið að ólíkir aðilar úr atvinnulífi og háskólum gætu ekki unnið saman. Þvert á móti voru tekin mörg dæmi um aukið samstarf atvinnulífs og háskóla sem hér verður vitnað til.

## IV. 3. Aukin tengsl

Í nefndri skýrslu um *Samstarf vinnumarkaðarins um menntamál* segir að ýmis teikn séu á lofti um að „háskólastigið sé að vakna til vitundar um hlutverk sitt“ og að háskólasamfélagið hafi að undanförmu beitt sér fyrir því að koma til móts við þarfir atvinnulífsins í auknum mæli.<sup>94</sup> Undir þetta tóku viðmælendur sem undirstrikuðu ennfremur að báðir aðilar nytu góðs af samstarfi. Þetta sagði viðmælandi í aðildarfélagi SA:

Ég held að bæði vilji háskólasamfélagið ná sér í formleg tengsl út í atvinnulífið í gegnum samtök á vinnumarkaði og ég held líka að verkalýðshreyfingin sé að breytast þannig að hún vilji nýta sér í vaxandi mæli háskólamenntað fólk og þekkingu þess. Þú sérð bara starfsfólk stéttarfélaga, samsetning þeirra hefur verið að breytast því

<sup>93</sup> Selby Smith, C. (2000). The relationships between research and decision-making in education: An empirical investigation. Í *The Impact of Educational Research*, bls. 553–565. Research Evaluation Programme, Higher Education Division, Department of Education, Training and Youth Affairs, Canberra.

<sup>94</sup> Guðmundur R. Árnason, Davíð Stefánsson, Halldór Grönvold og Ingi B. Bogason (2001). *Samstarf aðila vinnumarkaðarins um menntamál*. ASÍ og SI. Maí.

þar er að koma í vaxandi mæli háskólamenntað fólk sem starfsfólk sem þekktist kannski ekki mikið áður fyrir. Þetta verður meira til þess að menn beri meiri virðingu hvor fyrir annars sviði og viti það að báðir hafi takmarkanir sem þeir geti síðan lagt í púkk og fengið eitthvað meira. ... Með því að kalla eftir samstarfi og fara réttu leiðirnar held ég að báðir aðilar græði.

Í sömu skýrslu er fjallað um samstarf á nýjum vettvangi atvinnulífs og háskólastigs. Viðskiptaháskólinn á Bifröst er dæmi um aukin samskipti atvinnulífs og háskóla en SA skipar tvo af fimm aðilum í stjórn skólans. Rannsóknarþjónusta Háskóla Íslands er annað dæmi um samstarf en markmið hennar er að styrkja tengsl atvinnulífs og HÍ á sviði rannsókna, nýsköpunar og hæfnisuppbyggingar. Stofnunin heyrir undir rektor og háskólaráð en stjórn stofnunarinnar er skipuð sex aðilum en að fengnum tillögum frá SA og rektor.<sup>95</sup> Viðmælendur tóku í sama streng og bentu á ýmsa „sprota“ aukins samstarfs eins og þessi dæmi sýna:

Ég er að kenna uppi í Háskóla núna og ég held að tengslin við atvinnulífið séu alltaf að aukast. ... Það er t.d. að frumkvæði viðskiptadeildar HÍ að ný braut var stofnuð. ... Þau höfðu frumkvæði að því að hafa samband við aðila í atvinnulífinu og fá hugmyndir um hvernig ætti að byggja upp þetta nám og meðal annars að miðla sínum rannsóknum þar inni.

Við erum að fjármagna eina alþjóðadeild við Háskólann þannig að þetta er til staðar. Það þýðir ekki það að við séum ánægðir með allt sem kemur út úr slíku samstarfi því við sjáum að við gætum fengið miklu, miklu meira út úr svona samstarfi; bæði við en ekki síður háskóladeildirnar sjálfar því ef þær eru að hugsa um fjármagn til rannsókna þá myndi ég hugsa um þetta sem „business“.

Þá var talað um að múrar milli deilda væru að minnka og að samstarf menntunarfræða og stjórnunarfræða hlyti að verða til aukins samstarfs varðandi starfsmenntun í atvinnulífinu. „*Það sem er að gerast þarna er samstarf milli greina sem helga sig að mestu atvinnulífinu og svo greina sem helga sig menntageiranum. Þarna er einhver brú og ráðgjafar í fræðslumálum þurfa að vera með faturna bæði í menntafræðum og stjórnunarfræðum.*“

Ein augljósustu tengslin sem hafa verið milli atvinnulífs og háskóla hafa verið í kringum lokaverkefni nemenda. VR hefur t.a.m. síðustu þrjú árin veitt lokaverkefnastyrki til verkefna sem tengjast vinnumarkaðnum og opnað þá um leið fyrir tengsl bæði til nemenda og leiðbeinenda þeirra. Þá hafa aðilar í stéttarfélögum veitt nemendum aðstoð við aðgang að félagsmönnum sínum í tengslum við lokaverkefni. Þó bentu sumir viðmælendur á nauðsyn þess að koma þessum samskiptum varðandi lokaverkefni nemenda í farveg, og helst þyrftu þau að vera unnin í gegnum viðkomandi leiðbeinendur. Bæði myndi það auka tengslin en þó ekki síður vegna þess að stundum fá fyrirtæki svo mikið af beiðnum um kannanir að það veldur fremur neikvæðni en að verða til þess að byggja upp tengsl:

Það er líka oft erfitt fyrir fyrirtæki og stofnanir því það er gríðarlega mikil ásókn í að koma inn í fyrirtækin með allskonar verkefni og það getur orðið mikið álag bara að greina kjarnann frá hisminu. ... Mér finnst þetta allt of mikið áreiti í dag sem veldur bara pirringi í staðinn fyrir að stofna einhver bandalög. ... Mér finnst það vera svolítið skólanna að stýra því. ... Ef þú vinnur þetta í gegnum kennarana er komin ákveðin leið. ... Mér finnst að þetta verði að komast í formlegra ferli svo þetta skili árangri.

Þá var bent á samstarf á ýmsum vettvangi í tengslum við háskólamenntun. Sem fyrr ber að nefna aðkomu SA að stjórn háskóla en þeir skipa fulltrúa í stjórn Viðskiptaháskólans á Bifröst og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. Þá sitja aðilar verkalýðshreyfingar og samstarfsnefndar háskólastigsins í stjórn Menntar. Einnig eru haldnar ráðstefnur sem eru vettvangur skoðanaskipta og samstarfs. Síðast en ekki síst hefur tilkoma fræðslusjóðanna gert háskólamönnum kleift að sækja styrki í tiltekin verkefni á sviði starfsmenntunar og þannig myndað brú á milli atvinnulífs og háskóla:

Það er þannig að fyrst með uppbyggingu þessara fræðslusjóða höfum við eitthvað til að svara þessu háskólasamfélagi og búa til brýr þarna á milli svo menn geti farið að átta sig hver á öðrum ... með því að þessi hluti verkalýðshreyfingarinnar eða þessi áhersla hennar á síðasta áratug síðustu aldar fór að þróast yfir í fræðslu og menntamál, þá urðu til þessi batterí okkar megin frá. Þá ertu komin með batterí sem háskólasamfélagið getur kallast á við sem er formlegt og byggir brýr á milli og menn geta áttað sig á tungumáli hver annars og eru að skoða hlutina í réttu ljósi.

Að lokum er rétt að minnast á möguleika á samstarfi atvinnulífs og háskóla í alþjóðlegu samstarfi í tengsl-

<sup>95</sup> <http://www.rthj.hi.is/page/rannsóknathjonustan>

<sup>96</sup> Guðmundur R. Árnason, Davíð Stefánsson, Halldór Grönvold og Ingi B. Bogason (2001). *Samstarf aðila vinnumarkaðarins um menntamál*. ASÍ og SI. Maí.

um við áætlanir ESB á sviði menntamála og er í þeim efnunum vitnað til skýrslu um *Samstarf aðila vinnu- og atvinnu- og menntamála*.<sup>96</sup> Á þeim vettvangi hafa Íslendingar helst tekið þátt í Leonardo- og CEDEFOP-verk-efnum. Leonardo er heiti yfir starfsmenntaáætlun ESB en samtök atvinnurekenda og launafólks hafa verið þátttakendur í þessari áætlun. CEDEFOP er hins vegar þróunarmiðstöð starfsmenntunar í Evrópu og eiga stjórnvöld, atvinnurekendur og launþegasamtök aðild að stjórn þessarar miðstöðvar. Ísland samdi um aðild að starfsemi CEDEFOP á grundvelli EES-samningsins og gefst stjórnvöldum og samtökum atvinnurekenda og launþega kostur á áheyrnarfulltrúa í stjórnarnefnd miðstöðvarinnar. Hlutverk CEDEFOP er að vinna að mótun og framkvæmd starfsmenntastefnu m.a. með öflun og miðlun upplýsinga um starfsmenntun. Á þessum grundvelli hafa fræðimenn (og aðrir) fengið styrki til rannsókna og nýbreytnistarfs og einnig hafa nemendur og starfsmenn hlotið styrki til náms- eða starfsdvalar erlendis.

Þá var sagt frá Stjórnvísi sem eru frjáls félagasamtök sem hafa það að markmiði að stuðla að umbótum í stjórnun íslenskra fyrirtækja.<sup>97</sup> Á vegum Stjórnvísi er staðið að ráðstefnum um nýjungar í stjórnun og einnig eru starfandi faghópar sem eru vettvangur skoðanaskipta „*Þannig hafa samtökin beinlínis það hlutverk að miðla því nýjasta í þessum geira til atvinnulífsins og eru þar með ákveðinn vettvangur til að miðla meiri þekkingu.*“

#### IV. 4. Rekstur háskóla í samvinnu við atvinnulíf

Tækniskóli Íslands var upphaflega stofnaður til að veita iðnaðarmönnum tæknimenntun við hæfi og hefur hann því verið nátengdur tilteknum atvinnugreinum. Skólinn þróaðist svo í þá veru að flestir nemendur voru í viðskipta- og rekstrarnámi en ekki í tækninámi. Því var skólinn til skoðunar af stjórnvöldum og m.a. komu fram hugmyndir þess efnis að honum yrði breytt í akademíska stofnun eða jafnvel sameinaður tilteknum deildum við HÍ. Menntamálaráðherra fól svo SI að hafa forgöngu um að kanna nýjar rekstrarleiðir TÍ. Í kjölfar þess stofnuðu SI, ASÍ og Rannsóknarstofnanir iðnaðarins og Tækni- og vinnu- og atvinnu- og menntamálaáætlun Íslands undirbúningsfélag til að leita samninga við menntamálaráðuneytið um rekstur TÍ með það að markmiði að þróa hann á háskólastigi. Með samþykkt nýrra laga skólans á Alþingi árið 2002 var Tækniskólinn gerður að skóla á háskólastigi. Á heimasíðu skólans segir m.a.: „*Tækniháskóli Íslands er háskóli atvinnulífsins og lagar námsframboð sitt því að breyttum áherslum þess. Rík áhersla verður lögð á samstarf við íslenskt atvinnulíf auk endur- og símenntunar.*“ Í framhaldi af stofnun undirbúningsfélagsins stofnuðu aðilar atvinnulífs og háskóla einnig hagsmunafélag um eflingu verk- og tæknimenntunar á háskólastigi á Íslandi.<sup>98</sup> Án þess að fara nánar út í flókið sameiningarferli HR og THÍ þá má segja að framangreindar þreifingar aðila atvinnulífsins hafi m.a. stuðlað að stofnun sameinaðs háskóla HR og THÍ árið 2004. Viðmælandi hjá SA sagði:

Svo kom upp ... áhugi á að breyta rekstrarformi THÍ og sameina hann HR. Það var leitað til okkar með að stuðla að því að af því gæti orðið. Eiginlega var það okkar og Samtaka iðnaðarins að gerast nokkurs konar bakhjarl THÍ í þessum samruna. Þannig var það ákveðin undanþága frá okkar stefnu að vera ekki beinir þátttakendur í rekstri skóla. ... Okkur fannst þetta frábært tækifæri að þessir tveir háskólar gætu runnið saman og myndað eina sterka einingu. Stjórnin er skipuð af aðilum í atvinnulífinu, þetta eru allt okkar félagsmenn sem þarna verða í stjórn og þarna er verið að efla verk-, tækni- og viðskiptamenntun í landinu.

Tilurð sameinaðs háskóla THÍ og HR hefur verið nefnd sem gott dæmi um hvernig hægt sé að lyfta grettistaki og ná fram breytingum vinni aðilar í háskólasamfélaginu og atvinnulífinu saman:

Það kom nýr stjórnandi að Tækniháskólanum sem hafði verið að vinna á vettvangi samtaka í atvinnulífinu. Þegar þessi einstaklingur er svo kominn í háskólaumhverfið þá virkar hann eins og límið á milli. Þá ertu kominn með einstaklinga ... sem draga saman sitt hvort umhverfið og þetta hjálpaði okkur mikið til að ná þessum góðu tengslum við Tækniháskólann.

Þegar tengsl atvinnulífs og háskóla voru til umræðu bar Háskólann í Reykjavík iðulega á góma sem „*skóli*

<sup>97</sup> [http://www.stjornvisi.is/Felagid/fel\\_index.htm](http://www.stjornvisi.is/Felagid/fel_index.htm)

<sup>98</sup> Guðmundur R. Árnason, Davíð Stefánsson, Halldór Grönnvold og Ingi B. Bogason (2001). *Samstarf aðila vinnu- og atvinnu- og menntamála*. ASÍ og SI. Maí og <http://www.thi.is/umskolann>

<sup>99</sup> Jafnvel þótt fleiri háskólar séu beintengdir atvinnulífinu, svo sem Viðskiptaháskólinn á Bifröst, þá var HR iðulega fyrst nefndur til sögunnar sem háskóli atvinnulífsins hjá viðmælendum. Því er hér fjallað um HR sem dæmi um hvernig haga megi samstarfi atvinnulífs og háskóla.

atvinnulífsins“.<sup>99</sup> Aðspurðir um hvað fælist í téðum tengslum og hvað gæfi skólanum þessa ímynd komu fram nokkur atriði annars vegar sem snúa að rannsóknum og hins vegar að kennslu.

Varðandi tengsl skólans við atvinnulíf í gegnum rannsóknir voru viðmælendur m.a. spurðir hvort það væri rannsóknarstefna sem stýrði á einhvern hátt efnisvali rannsókna, hvort efnisval væri beintengt þörfum atvinnulífsins. Ekki virtist vera um beina rannsóknarstefnu að ræða en rannsóknarstefna markaðist þó á tiltekinn hátt í gegnum ráðningar þar sem hver einstaklingur gerir samning um hvað hann kenni og hvaða rannsóknum hann ætlar að sinna. Einnig er lögð rík áhersla á það við skólann að kennarar fái við „*aktuell bluti*“ og tengist þannig atvinnulífinu þótt ekki sé um að ræða markvissa rannsóknarstefnu. Um þetta sagði annar viðmælandi við skólann: „*Allir háskólar þurfa að vera í samstarfi við atvinnulífið því annars enda þeir bara í einhverjum filabeinsturni.*“

Tengsl rannsóknastarfs við atvinnulífið fólust í nokkrum þáttum. Fyrst ber að nefna ólíkt framgangskerfi HR og annarra háskóla. Framgangskerfi í HR leggur umfram annað áherslu á rannsóknir líkt og framgangskerfi annarra háskóla. Auk þess leggur kerfið sérstaka áherslu á gæði í kennslu og þar að auki hvetur það beinlínis til tengsla við atvinnulíf:

Við höfum búið til [með framgangskerfi] eitthvað sem kallast tengsl við atvinnulífið. Við erum þannig tilbúin til að veita einhverjum dósentsstöðu að hluta fyrir að hafa verið leiðandi fyrir einhvern málaflokk í atvinnulífinu, að því gefnu að viðkomandi hafi náð viðunandi árangri í rannsóknum og kennslu.

Kennarar við skólann fá ennfremur ráðgjafastörf í atvinnulífinu metin til framgangs og stuðlar það einnig að tengslum starfsmanna þar við fyrirtæki. Fræðslustjóri í stórfyrirtæki taldi þennan ráðgjafarpart hjá HR skipta miklu máli varðandi tengsl við atvinnulíf og benti á mikilvægi þess að uppbygging kerfisins (t.d. stigamatskerfi) hindraði ekki tengsl við vettvanginn:

Hjá HR eru öll samskipti svo „effortless“. ... Þau eru á sömu bylgjulengd og atvinnulífið, haga sér eins og fyrirtæki. Kennarar geta unnið verkefni sem ráðgjafar, og svo kannski taka þeir þetta saman og þetta er metið. ... Í öðrum háskólum er ekki sama samvinna milli endurmenntunaraðila og háskólans. Strúktúrinn svo hamlandi ... þarf e.t.v. að sækja fólk utanhúss í stað þess að sækja það beint í skólann ... engin samvinna nema með mikilli fyrirhöfn.

Í öðru lagi eru rannsóknarverkefni tiltekinna starfsmanna við skólann tengd atvinnulífinu á þann hátt að rannsóknir þeirra snúa efnislega að rannsóknarviði sem tiltekin fyrirtæki eru að fást við. Þannig eru t.d. rannsóknir sem fjalla um einkavæðingu opinberra fyrirtækja og rannsóknir á fjármálum fyrirtækja fjármagnaðar af tilteknum fyrirtækjum. Í þriðja lagi hefur skólinn svokallaða bandamenn sem eru sex fyrirtæki sem leggja fram fjármagn til rannsókna almennt. Að lokum má nefna nemendaverkefni sem eru unnin í beinum tengslum við fyrirtæki; þ.e. hagnýt rannsóknarverkefni fyrir tiltekin fyrirtæki.

Þá hefur skólinn líka tiltekin tengsl við atvinnulífið í gegnum kennslu. Nemendur sem leggja stund á MBA-nám við skólann eru iðulega í störfum í atvinnulífinu og þannig myndast tengsl. Þá spilar Stjórnendaskólinn stórt hlutverk varðandi tengsl við atvinnulíf. „*Í viðskiptadeild er mest af þeim tengslum [við atvinnulíf] í gegnum Stjórnendaskólann þar sem við erum að vinna að einhvers konar fræðslu og verkefnum.*“ Rík áhersla er lögð á að kennsla sé í tengslum við það sem er að gerast í fyrirtækjum og hagnýt verkefni unnin í mörgum námskeiðum. „*Það koma ráðgjafar úr atvinnulífinu og láta nemendur gera viðskiptaáætlun ... Nú er ég að finna verkefni fyrir fimmtán hópa ... „aktuell“ verkefni.*“ Í þriðja lagi má líta til þess hvernig HR gerir sitt mat. Auk hefðbundins námsmats fylgiskólinn með útskriftarnemum. „*Við leggjum mat á það hvernig okkur gengur með því að fylgjast með okkar nemendum, hvernig gengur þeim, hversu margir fá vinnu, hvernig eru launastrúktúrnir hjá þeim, hvernig taka atvinnurekendur þeim o.s.frv.*“

Að lokum má e.t.v. skýra ummæli margra í atvinnulífinu um HR sem „*skóla atvinnulífsins*“ að hluta til með því að þeir sem koma fram fyrir hönd skólans leggja áherslu á það í orðum sínum sem á vafalaust þátt í þeirri ímyndarsköpun.

## V. Ákvarðanir um menntun í atvinnulífinu

### V. 1. Hagnýtar rannsóknir

Þegar fjallað er um helstu áhrif rannsókna á ákvarðanatöku má velja því upp hvort rannsóknir séu hagnýtar og geti þannig nýst aðilum á vettvangnum eða hvort um grunnrannsóknir sé að ræða, sem fyrst og fremst séu hugsaðar fyrir vísindasamfélagið. Jafnvel þótt deilt sé um þessa hugtakanotkun er ekki vert að líta fram hjá þessari skilgreiningu við umfjöllun menntarannsókna.<sup>100</sup> Í samantekt ASÍ og SA um *Samstarf vinnu- og atvinnuáætlunar um menntamál* er vísað til þessara skilgreininga á óbeinan hátt.<sup>101</sup> Þar er talað um mikilvægi þess að stunda bæði vísindi vísindanna vegna (grunnrannsóknir) og einnig rannsóknir hagnýtingarinnar vegna sem drifkraft nýrrar tækni og aðferða. Þeir telja enn fremur að háskólastigið hafi fremur lagt áherslu á vísindi vísindanna vegna og sinni síður hagnýtu hlutverki.<sup>102</sup>

Í tengslum við þessa umfjöllun var áberandi í viðtölum hvernig allar umræður um rannsóknir voru tengdar hagnýtingu þeirra og gagnsemi. „*Það sem skiptir máli er að koma með eitthvað hagnýtt sem borgar sig og rannsóknir sem borga sig. Það eru ekki allar rannsóknir sem borga sig.*“ Eftir að hafa rætt við aðila í háskólasamfélaginu um hvernig fjármögnun rannsókna sé stærsta hindrunin í frekari rannsóknum á sviðinu var athyglisvert að heyra þau sjónarmið hjá viðmælendum í atvinnulífinu að í reynd væru engar sérstakar hindranir ef verkefnið væri talið gagnlegt. „*Ef þörfin er fyrir hendi þá er það ekkert mál að öllu jöfnu.*“ Eftirfarandi tvær tilvitnanir eru lýsandi fyrir orð margra viðmælenda hjá samtökum launþega og atvinnulífs þegar þeir voru spurðir um helstu hindranir við gerð rannsókna:

Nei [engar hindranir] ef hugmyndin er góð og við sjáum eitthvað í henni og að hún geti nýst okkar fólki. Þá erum við mjög jákvæð. Það er að hluta til hlutverk þessara fræðslusjóða að standa að svona úttektum og rannsóknum líka en ekki bara setja peninga í að reka nám eða skipuleggja nám. Auðvitað er það alltaf þannig að menn eru að horfa á krónur og aura og auðvitað vilja menn kannski sjá meirihlutann af peningnum fara í framkvæmd á fræðslu en einhver ákveðinn hluti peninganna fer í úttektir og rannsóknir það er alveg ljóst. Þannig að það er í sjálfu sér engin hindrun fyrir því ef góð hugmynd kemur upp þá er hún bara framkvæmd.

En eins og spurningin um hvort það sé eitthvað sem komi í veg fyrir það að við gerum rannsóknir eða at-  
huganir á þessu sviði, þá er í sjálfu sér ekkert sem kemur í veg fyrir að við gerum rannsóknir. Það er fyrst og fremst þarfastýringin sem við höfum að leiðarljósi í því sambandi, við förum náttúrulega ekkert að rannsaka eitthvað bara rannsóknarinnar vegna heldur vegna þess að við teljum þetta gagnlegt og þetta er áherslumál hjá okkur.

Nánast allar birtingar hjá aðilum í atvinnulífinu flokkast sem hagnýtar rannsóknir eða mat og úttektir (tafla 10). Eins og áður var hluti birtinga flokkaður á fleiri en einn veg og er því heildarhlutfall birtinga hærra en 100%.

Tafla 10. Skilgreining rannsókna

	Fjöldi	Hlutfall flokkana %	Hlutfall birtinga
Grunnrannsókn	6	8	12
Hagnýt	27	36	55
Mat og úttektir	35	46	71
Þróunar- og nýbreytnistarf	7	9	14
<b>Alls</b>	<b>75</b>	<b>100%</b>	<b>153%</b>


\* Í sumum tilvikum eru verkefni flokkuð á fleiri en einn veg. Heildarhlutfall birtinga/tilvika er því hærra en 100%

<sup>100</sup> Algengar skilgreiningar úr *Educational research and development in England – OECD review – Examiners' report*. CERI/CD(2002)10, september 2002. Grunnrannsóknir hafa það meginmarkmið að skilja grundvallareðli eða lög-  
mál hluta, finna sambönd og byggja kenningar. Hagnýtar rannsóknir hafa það að meginmarkmiði að skilja og finna lausnir á hagnýtum vandamálum.

<sup>101</sup> Guðmundur R. Árnason, Davíð Stefánsson, Halldór Grönvold og Ingi B. Bogason (2001). *Samstarf aðila vinnu- og atvinnuáætlunar um menntamál*. ASÍ og SI. Maí og <http://www.thi.is/umskolann>

<sup>102</sup> Sama heimild.

Mynd 1. Markhópur rannsókna í atvinnulífi í birtingum



Greining innsendra birtinga fólst einnig í því að skoða hver væri helsti markhópur rannsækenda eða hverjum viðkomandi birting væri helst ætluð. Mynd 1 sýnir hlutfall flokkana, þ.e. í 40% tilvika voru innsend gögn talin vera fyrir stefnumótunaraðila, 43% þeirra voru fyrir iðkendur, 3% fyrir almenning og 13% fyrir vísindasamfélagið. Í þeim tilvikum sem markhópurinn var vísindasamfélagið ásamt öðrum var um að ræða nokkrar grunnrannsóknir unnar fyrir tiltekin fyrirtæki, úttekt á vegum Rannís og rannsóknir unnar í tengslum við rannsóknastofnanir háskóla svo eitthvað sé nefnt.

Rannsóknir hafa enn fremur sýnt fram á að ef rannsakendur, oft innan háskóla, þekkja síður flókið ferli stefnumótunar takmarkast áhrif rannsókna þeirra á ákvarðanatöku (t.d. vegna efnisvals, tímallengdar verkefna, eðlis birtingar). Þátttakendur í áströlsku úttektinni töldu að rannsakendur í ráðgjafarfyrirtækjum hefðu oft færni í notkun upplýsinga í stefnumótunavinnu.

Í nefndri ástralskri úttekt kom fram að eðli rannsókna geti sagt til um hve mikil áhrif þær mögulega hafi og bent á að hagnýtar rannsóknir hafi oftár áhrif en grunnrannsóknir sem kemur e.t.v. ekki á óvart. Sjá má ákveðinn samhljóm í þessum áströlsku niðurstöðum og augljósum áherslum viðmælenda okkar á mikilvægi gagnsemi og hagnýtingar. Þá má ekki gleyma því þegar hugað er að áhrifum rannsókna að það eru ekki bara skilgreiningar eins og hagnýting/grunnrannsóknir sem skipta máli, heldur segja gæði rannsóknanna mikið til um hvort þær muni hafa áhrif á ákvarðanatöku. Í mynd rannsókna og orðspor rannsækenda hefur þannig mikið að segja. Þannig mátti t.d. sjá að þegar spurt var um samstarf aðila í atvinnulífinu við fræðimenn komu ávallt upp sömu tvö til þrjú nöfnin sem voru tengd góðu orðspori í rannsóknum.

## V. 2. Samstarf stefnumótunaraðila

Samstarf við yfirvöld menntamála felst, eins og samstarf samtaka launþega og atvinnurekenda, ýmist í samráði um fjárveitingar, styrki, áhrif á fræðsluframboð og í þróun námsbrauta/efnis eða rekstri á námi. Þannig koma t.d. Samtök atvinnurekenda og Samtök iðnaðarins og fulltrúar launþega að nefndarstarfi eða stjórnunarstörfum í samstarfi við fulltrúa ráðuneyta mennta- og félagsmála. Þá hafa samtök atvinnulífs og launþega leitast við að búa til formlegan vettvang sem stofnfestir samstarf við stjórnendur menntamála. Þar ber fyrst að nefna hlutverk og stöðu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sem er hugsuð sem brú á milli menntamálaráðuneytis annars vegar og fulltrúa atvinnurekenda og launþega hins vegar. Framkvæmdastjóri miðstöðvarinnar lýsti því hvernig miðstöðin býr til formleg tengsl milli annars vegar menntamálaráðuneytis og hins vegar samtaka atvinnurekenda og launþega:

Ef við horfum á þetta myndrænt þá verðum við brúin milli [menntamálaráðuneytisins og atvinnulífsins]. ... Í rauninni hefur okkur verið falinn hluti af starfi ráðuneytisins sem snýr að samstarfinu við atvinnulífið, vegna þess að við stöndum því nærri. ... Ef t.d. tiltekið fyrirtæki hefur búið til námstilboð og vill fá það metið til eininga í framhaldsskólakerfinu þá förum við með það í ráðuneytið. ... Við verðum svona útibú frá ráðuneytinu í að finna

leiðir í þessu. ... Af því að við erum nær vettvangi, af því við höfum meiri skilning á hópnum. ... Þá verðum við svona ákveðinn samræmingaraðili.

Við verðum fagaðili sem vinnum að því að safna upplýsingum um alla mögulega hluti og ráðleggja ráðuneytinu og atvinnurekendum. ... Ef við gerum athuganir eða rannsóknir þá er t.d. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins núna sá vettvangur sem við getum nýtt okkur. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins á reglulegt samráð við menntamálaráðuneytið þannig að við erum að búa til ýmsar rásir til að skiptast á og að það sé ekki bara hver í sínu horni.

Þannig er FA í nánnum tengslum við menntamálaráðuneytið. Þá kemur einnig fram á vefsíðu samtakanna að þau muni einnig aðstoða menntamálaráðuneytið við að þróa aðferðir við að meta óformlegt nám sem fólk hefur aflað sér utan hefðbundins skólakerfis, stundum kallað að meta raunfærni.

Einnig eru starfsgreinaráðin hugsuð sem vettvangur þar sem ráðuneyti menntamála og atvinnulífið sameinast um að gera tillögur um uppbyggingu starfsnáms og námskrá í sérgreinum viðkomandi starfsnáms. Í stjórn starfsgreinaráðanna sitja aðilar frá samtökum launafólks og atvinnurekenda og einn aðili frá menntamálaráðuneyti. Hlutverk starfsgreinaráða er m.a. að skilgreina þarfir starfsgreina fyrir kunnáttu og hæfni starfsmanna og setja fram markmið starfsnáms. Gerðir eru verksamningar milli menntamálaráðuneytis og starfsgreinaráða um námskrárgerð á viðkomandi sviði. Starfsgreinaráðin bera ábyrgð á námskrártillögnum gagnvart ráðuneytinu og eiga að tryggja að sátt sé um tillögurnar í þeirra baklandi en ritstjórn og lokafrágangur fer fram í menntamálaráðuneytinu.

Þá ber einnig að nefna hlutverk Starfsmenntaráðs en með því hefur verið komið á fót þríhliða samstarfi stjórnvalda, atvinnurekenda og launafólks í starfsmenntamálum. Starfsmenntaráð heyrir undir félagsmálaráðuneytið og skipar félagsmálaráðherra í stjórn ráðsins. Þar sitja aðilar víða að úr atvinnulífinu; frá SA, ASÍ og BSRB. Í stjórn situr einnig fulltrúi félagsmálaráðherra. Menntamálaráðuneyti hefur áheyrnarfulltrúa í ráðinu en ekki fastan fulltrúa. Starfsmenntaráð stuðlar að uppbyggingu starfsmenntunar í viðum skilningi.

Eitt meginhlutverk Menntar er að vera vettvangur umræðna og samstarfs aðila vinnumarkaðarins, skóla og stefnumótunaraðila.<sup>103</sup> Í stjórn Menntar sitja aðilar frá ASÍ, SA, SI og einnig aðilar úr samstarfsnefnd háskólastigs og samstarfsnefnd um menntun í iðnaði.

Samkvæmt 26. og 27. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996 er það hlutverk samstarfsnefndar um starfsnám á framhaldsskólastigi (nefnd sem kölluð er Samstarf) „að stuðla að tengslum skóla og atvinnulífs og vera menntamálaráðherra til ráðuneytis um stefnumótun í starfsnámi og setningu almennra reglna um skipan og framkvæmd starfsnáms“. Einnig er nefndinni ætlað að gera „tillögur um skipan starfsgreina í starfsgreinaflokkka í samráði við samtök atvinnurekenda og launþega í viðkomandi greinum, forgangsriðun verkefna í starfsnámi, svo og sérstakar tilraunir og þróunarverkefni“. Í nefndinni sitja sex fulltrúar launþega og sex frá atvinnurekendum og sex fulltrúar hins opinbera.<sup>104</sup> Í viðtölum kom fram að nokkrar vonir höfðu verið bundnar við þetta samstarf sem mögulegur samráðs- og stefnumótunarvettvangur. Hins vegar kom fram að þetta samstarf hafi ekki verið nægilega virkt:

Þessu þríhliða samstarfi hefur verið hampað í Evrópu og það átti að komast á hér með Samstarfi. En eitthvað fórum við út úr þeim farvegi. Þessi vettvangur ætti að fjalla um hinar stærri spurningar sameiginlega. Eins og að taka á því hvaða stefnu við eigum að hafa varðandi lokamat á starfsnámi, starfsréttindi og sinna líka kennslufræðilegum áherslum og fleira.

Samstarfi var upprunalega gert að funda 4–6 sinnum á ári. Á vef Menntar, sem m.a. sér um ritun fundargerða fyrir nefndina, má sjá að 11 fundir hafa verið haldnir síðan í ársbyrjun 2001 og einungis einn fundur var haldinn árið 2004.

Þá hafa ýmsar aðrar þríhliða samstarfsnefndir um tiltekin verkefni starfað til skemmri eða lengri tíma. Dæmi um slík nefndarstörf er nefnd um símenntun og samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi svo eitthvað sé nefnt.

Þrátt fyrir samstarf í ýmsum afmörkuðum verkefnum sem rakin eru hér að framan kom fram hjá nokkrum viðmælendum nauðsyn þess að ólíkir aðilar sammæltust um stefnumörkun í menntamálum sem væri m.a.

<sup>103</sup> <https://www.mennt.is/mennt/> og Halldór Grönvold (2003).

<sup>104</sup> <https://www.mennt.is/mennt/>



byggð á þörfum atvinnulífsins. Því væri nauðsynlegt að tryggja vettvang til samræðu aðila atvinnurekenda, launþega og ríkis þar sem unnið væri að stefnumótun í starfs-, endur-, símenntun og fullorðinsfræðslu. Um þetta sögðu viðmælendur hjá SI:

Við höfum skynjað mjög vaxandi og í rauninni skýrari áherslu á mennta- og fræðslumál í gegnum okkar stefnumörkunarstarf með ólíkum starfsgreinum. Þörfin hefur vaxið mikið, meðvitund stjórnenda fyrirtækja á mikilvægi menntunar og þekkingaruppbyggingu og stjórnunar er í rauninni grunnurinn að okkar starfi á þessu sviði. Þannig að þegar stjórnvöld eru að tala um einhvers konar menntastefnu þá þarf að tengja þarna sem best á milli þannig að stjórnvöld séu ekki með einhverja stefnu og svo atvinnulífið með aðra og hefur einhverja þörf sem er ekki tengd stefnu stjórnvalda.

Viðmælandi ASÍ lagði að sama skapi áherslu á að það skorti heildarsýn í umræðu um menntun á Íslandi og það endurspegladist í stefnumótun í fræðslu- og menntamálum. Í stjórnkerfinu þyrfti að vera samræða milli ólíkra aðila þar sem samræmi þarf að vera í stefnu í efnahags-, atvinnu- og menntamálum:

Samræða í stjórnkerfinu er ekki nógu mikil ... Ég held að ef okkur tækist einhvern veginn að setja í gang þessa samræðu þar sem menn skilgreina í alvöru einhverja sameiginlega framtíðarsýn um hlutverk menntunar í uppbyggingu og þróun samfélagsins og einstaklinganna. Grundvöllurinn er að setja áætlun ... hvernig ætla menn að raungera þetta. Frasarnir eru til en hvernig ætlum við að raungera þetta og búa til þennan partnership – menntayfirvalda, yfirvalda atvinnumála og þeirra aðila sem eru úti á markaðnum – því það er líklegra til árangurs til lengri tíma lítið. ... Okkar samfélag er svo einsleitt vegna þess að að mörgu leyti eru boðleiðimar svo stuttar og þess vegna ættum við að geta gert svo margt sem aðrir geta ekki gert en mér finnst við ekki vera að nota þá möguleika. ... Það sem mér finnst endurspeglar þetta er að við hér á Íslandi erum að sigla gegnum mesta framkvæmdatímabil fyrr og síðar, við erum að virkja út og suður og þetta eru ákvarðanir sem voru teknar og maður veltir fyrir sér, hvar eru tækifærin í þessu?

## V. 3. Stefnumótunarstarf og notkun rannsókna

Rannsóknir á eðli ákvarðanatöku og rannsókna hafa sýnt fram á að ekki megi ofmeta möguleg áhrif rannsakenda á stefnumótun.<sup>105</sup> Að sama skapi hafa rannsóknir sýnt fram á að tengsl á milli ákvarðanatöku og rannsókna eru flókin og ekki auðskilin.<sup>106</sup> Því er rétt að taka það fram að hér er ekki um eiginlega rannsókn á áhrifum rannsókna á ákvarðanatöku að ræða þar sem slíkt er efni í sértæka rannsókn. Hér voru hins vegar nokkrir aðilar í atvinnulífinu beðnir að segja álit sitt á eðli stefnumótunarferlis í atvinnulífinu og voru þeir m.a. beðnir að lýsa með dæmum hvernig rannsóknir eða niðurstöður þeirra eru notaðar við ákvarðanatöku. Með þessu móti er leitast við að varpa ljósi á þátt rannsókna við stefnumótun menntamála í atvinnulífinu. Til að sýna fram á flókin tengsl ákvarðanatöku og rannsókna verður fyrst gerð stuttlega grein fyrir ástralskri úttekt á tengslum ákvarðanatöku, starfsmenntunar og starfsþjálfunar.<sup>107</sup>

### V. 3. 1. Notkun rannsókna og áhrif

Mikilvægi rannsókna við ákvarðanatöku má annars vegar skoða út frá notkun á niðurstöðum og hins vegar út frá þeim áhrifum sem rannsóknir mögulega hafa á ákvarðanatöku. Þannig geta rannsóknarniðurstöður mögulega verið notaðar við stefnumótunarvinnu án þess að þær hafi bein áhrif á þær ákvarðanir sem eru teknar.<sup>108</sup> Einnig geta niðurstöður rannsókna haft þau áhrif að ekkert er viðhaft og þá getur verið um óbein áhrif rannsókna að ræða, áhrif sem erfitt er að festa hönd á eða gera sér grein fyrir.

Þegar rætt er um áhrif rannsókna á stefnumótun er oftast vísað til rannsókna sem hafa skapað nýja þekkingu. Önnur óbein áhrif rannsókna felast t.a.m. í auknum mannauði, annars vegar í aukinni hæfni og verk-

<sup>105</sup> Selby Smith, C. (2000). The relationships between research and decision-making in education: An empirical investigation. Í *The Impact of Educational Research*, bls. 553–565. Research Evaluation Programme, Higher Education Division, Department of Education, Training and Youth Affairs, Canberra.

<sup>106</sup> Selby Smith, C., Hawke, G., McDonald R. og Selby Smith, J. (1998). *Research and VET Decision-making*. National Centre for Vocational Education Research. Kafli 21.

<sup>107</sup> Selby Smith, C. (2000). The relationships between research and decision-making in education: An empirical investigation. Í *The Impact of Educational Research*, bls. 553–565. Research Evaluation Programme, Higher Education Division, Department of Education, Training and Youth Affairs, Canberra.

<sup>108</sup> Selby Smith, C., Hawke, G., McDonald, R. & Selby Smith, J. (1997). *Research and VET Decision-Making*. A report to ANTA RAC, 2 Volumes, desember, bls. 43–45.

lagi þeirra sem vinna rannsóknirnar og hins vegar aukinni menntun og gagnrýnni hugsun rannsakenda og þeirra sem bera ábyrgð á ákvarðanatöku. Með alþjóðavæðingu og auknu erlendu samstarfi kemur einnig þekking sem getur haft bein eða óbein áhrif á stefnumótun. Að auki má huga að þeim óbeinu áhrifum sem felast í efnisvali rannsakenda. Þar gætir áhrifa frá hagsmunahópum, fjölmiðlum, almenningssálitinu og pólitískum straumum. Í áströlsku úttektinni kom ennfremur fram að það sé fremur undantekning að hægt sé að sýna fram á bein áhrif tiltekinnar rannsóknar á tiltekna ákvarðanatöku. Áhrif rannsókna felist fremur í uppsafnaðri þekkingu vegna rannsókna á tilteknu efni sem hafa áhrif á hugsunarhátt og almenn viðhorf.

Stefnumótunar- og ákvarðanatökufæri eru flókin í eðli sínu. Margir aðilar koma að sem geta haft ólíka hagsmuni. Þannig hefur t.d. verið sýnt fram á að mikil valddreifing minnki líkur á að rannsóknir hafi áhrif á stefnumótun.<sup>109</sup> Því eru áhrif rannsókna ólík eftir því hver tekur ákvörðun og hvar viðkomandi er í stjórn-sýslunni. Þessar niðurstöður endurspeglast í eftirfarandi tilvitnun sem lýsir því hvað innleiðing breytinga í kjölfar úttekta getur verið erfið:

Það verður að vera þessi svokallaði „champion“ innanhúss sem er með hugmyndina en hvort hann framkvæmir hana er annar handleggur. ... Það eru þessi þrjú eða fjögur lög. ... Stjórnarmenn sem þarf að kynna þetta á einhvern hátt, framkvæmdastjórnin sem getur verið stór hópur. ... Svo þessi miðstjórnendahópur og starfsfólkið. ... Jafnvel þótt viljinn sé fyrir hendi, það er bara svo erfitt í framkvæmd. Íslenskur veruleiki er svona; „heldur þú að þú getir tekið hann Jón frá mér“... ekki eins fullkomin útfærsla og maður hefði viljað.

Meginniðurstöður áströlsku úttektarinnar sýna fram á að áhrif rannsókna á stefnumótun grundvallast fyrst og fremst á tengslum og upplýsingaflæði milli rannsakenda og þeirra sem taka ákvarðanir. Þarna þurfa tengslin að vera tvíþætt. Annars vegar þarf að vera upplýsingaflæði frá þeim sem hugsanlega nota niðurstöður rannsókna (t.d. ráðuneyti) til rannsakenda um hvaða efni er þörf á að rannsaka. Hins vegar þurfa að vera tengsl sem tryggja að niðurstöðum rannsókna sé komið til hugsanlegra notenda. Einnig er bent á að ekki sé fullnægjandi að leggja áherslu á dreifingu upplýsinga þar sem það tryggi engan veginn að þær séu notaðar við ákvarðanatöku. Því þurfi að leggja aukna áherslu á tengsl og samstarf. Þessar niðurstöður eru í samræmi við þær áherslur sem fram komu í viðtölunum um að „byggja brú“ til að stofnfesta samstarf í atvinnulífinu eins og greint var frá í kaflanum um samstarf.

Almennt voru viðmælendur á einu máli um að sífellt meiri áhersla væri á notkun upplýsinga til grundvallar stefnumótun, jafnvel þótt hefð fyrir hefðbundinni rannsóknavinnu í atvinnulífinu væri ekki sterk. Ráðgjafarnir sögðu t.d.: „Fólk er í vaxandi mæli farið að leita sér upplýsinga. Netið, aukin samskipti, ráðstefnuhald og fleira hefur vakið athygli manna á því að það er eitthvað þarna sem nýtist manni. Fólk er líka að verða betur og betur menntað og kann betur að nýta sér þekkingu til að byggja á.“ Einnig nefndu nokkrir viðmælendur að notaðar væru kannanir í því skyni að vera „leiðbeinandi“ fyrir mótun innra starfs bæði í menntamálaum og annarri starfsemi. „Þessar kannanir sem við erum að gera ... við notum þetta mjög markvísst og mikið og ... vegna þess að þetta er að skila árangri.“ Líta má á tilkomu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og hlutverk hennar sem viðurkenningu á auknu mikilvægi rannsókna, þekkingarsköpunar og miðlunar í tengslum við starfsmenntun. Framkvæmdastjóri miðstöðvarinnar lýsti þessu svona:

Það verður náttúrulega okkar hlutverk að rökstyðja svolítið og kynna hvað þarf að gera og af hverju þarf að gera það svona. Og þá gerir maður það ekki bara út frá því að segja: „Mér finnst.“ Maður verður að undirbyggja það. Og þess vegna er ég t.d. strax farin að safna rannsóknum og ýmsum upplýsingum.

Umfjöllun um hagnýtingu rannsókna vekur til umhugsunar um hvernig rannsóknarverkefni eru talin „borga sig“ en það er án vafa afstætt. En til að gefa einhverja mynd verður sagt frá nokkrum dæmum sem viðmælendur nefndu um slíkar rannsóknir sem hafa verið gerðar í atvinnulífinu og ennfremur hvernig niðurstöður rannsókna voru taldar stuðla að breytingum, að mati viðmælenda.

### V. 3. 2. Dæmi

Fyrst ber að nefna niðurstöður rannsóknar um áhrif styttingar grunn- og framhaldsskóla sem VR stóð fyrir og Hagfræðistofnun framkvæmdi. Áhrif þeirrar vinnu mátti m.a. sjá í umræðu í þjóðfélaginu, ekki síst umfjöllun fagaðila á borð við Kennarasamband Íslands um málið. Í kjölfarið var stofnaður starfshópur til að

<sup>109</sup> Ham, C. & Hill, M. (1993). *The Policy Process in the Modern Capitalist State*. Wheatsheaf Books, Sussex.

skoða leiðir til styttingar náms. Þar sem VR stóð að baki þessari skýrslu var jafnframt leitað til félagsins þegar unnið var að stofnun Menntaskólans Hraðbrautar. VR gerðist einn stofnenda skólans, lagði til hans ákveðið fjármagn og formaður félagsins situr í stjórn skólans. Önnur stór úttekt sem aðilar í atvinnulífinu stóðu saman að voru *Menntareikningar* sem greint var áður frá.<sup>110</sup> „Þessi skýrsla sýndi okkur fram á það að þarna er virkilegt tækifæri fyrir okkur að sækja fram og segja við menntamálaráðuneytið að nú þurfið þið að styðja okkar hóp. Og við höfum gert það og nýtt okkur.“ Reyndar kom fram í máli aðila atvinnulífsins að sú hugmynd sem sett var fram í skýrslu um Menntareikninga hafi áður verið komin fram. Hins vegar hafi fagleg úttekt mun meira vægi en skoðanir eða hugmyndir manna. „*Auðvitað er meira hald í skýrslu frá Hagfræðistofnun en skoðun SA, þau settu tölur á hlutina og það hefur hjálpað til.*“

Þá eru augljós áhrif þeirra þarfagreininga sem unnar hafa verið á vegum starfsgreinaráða. Dæmi um slíkt verkefni sem hefur verið hagnýtt er þarfagreining unnin fyrir Starfsgreinaráð í fjármála- og verslunargreinum. Niðurstöður hennar voru notaðar sem grundvöllur að gerð námskrár. Í byrjun árs 2005 fór einnig af stað starfstengt nám fyrir starfsfólk í verslunum og var þarfagreiningin þannig grundvöllur nýs náms. Aðrar þarfagreiningar starfsgreinaráða hafa skilað sér í endurskoðun námskrár t.d. í heilbrigðisgreinum og hönnunar- og handverksgreinum. Þá var bent á kannanir í tengslum við átak í atvinnulífinu um eflingu verk- og tæknimenntunar:

Í janúar síðastliðnum birtust niðurstöður könnunar á þörf iðnaðarins fyrir verk- og tæknimenntun. En á grundvelli hennar setjum við fram óskir gagnvart ríkisvaldinu og þær eru að raungerast núna með stofnun nýs háskóla HR og THÍ.

Þá voru tekin dæmi af ýmsum könnunum sem þóttu gagnlegar svo sem könnun SI þar sem skoðuð var eftirspurn eftir iðnaðarmönnum, könnun sem SA styrkti á vegum HR sem var samanburðarrannsókn á stjórnun fyrirtæja með tilliti til árangurs þar sem fræðslumál voru m.a. skoðuð. Einnig vildu menn meina að loka-kerfni nemenda sem unnin væru inni í fyrirtækjum væru iðulega gagnleg og hagnýt. Þá lögðu viðmælendur áherslu á mikilvægi rannsókna sem geta verið grundvöllur samanburðar við önnur lönd.

Þrátt fyrir þessi dæmi lögðu menn áherslu á að líklega mætti nota meira af rannsóknum til að undirbyggja ákvarðanatöku og innleiða þannig „*agaðri*“ vinnubrögð. Notuð verða orð viðmælenda hjá ASÍ og SI til að lýsa því hvernig unnið er að stefnumótun. Aðspurður hvort notaðar væru rannsóknir til að undirbyggja ákvarðanatöku um menntamál sagði viðmælandi hjá ASÍ:

Við notum rannsóknir í þeim skilningi að við reynum að greina aðstæður og síðan að finna einhverja lausn. Þetta er praktískt miðað ... menn setjast saman og reyna að greina einhvers konar ástand og fengin er niðurstaða af því.

Svona lýstu aðilar SI dæmigerðu stefnumótunarferli:

Það má segja að stefnumótunarstarfið séu þessar opnu þreifingar ... Þarna höfum við hóp manna sem eru okkar félagsmenn og þetta geta verið upp í 40 manns sem taka þátt í svona stefnumótunarstarfi í senn. Þetta er gert bæði fyrir samtökin í heild eða einstaka starfsgreinar þannig að þetta er út um allt í okkar starfsemi. Ferlið er þannig að það er byrjað með hreint borð og menn eiga að segja hvernig framtíðin líti út í þessari grein eða fyrir iðnaðinn í heild sinni eða hvaða fyrirbæri sem við erum nú að móta stefnu fyrir eða með og menn byrja með tvær spurningar: Hvaða árangri ætla ég að ná og hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi svo það geti tekist? Þá fara menn m.a. að tala um menntamál og tjá sig um það hvað eiginlega þurfi að vera fyrir hendi í sambandi við þau.

... við höfum stúderað þetta heilmikið í gegnum systursamtök okkar á Norðurlöndunum sem hafa verið dugleg í svona allskonar framtíðarpælingum en hafa kannski ekki að sama skapi nýtt sér þessar aðferðir sem við höfum notað að hreinlega taka gangráðana í viðkomandi starfsgrein og spyrja þá hvað það sé sem þeir vilji að gerist og þegar gangráðarnir í viðkomandi starfsgrein geta náð saman og orðið sammála um að það sé eitthvað sem þeir vilji að gerist að þá er það okkar hlutverk að hjálpa þeim að láta það gerast og þannig mótar maður framtíðina en bíður ekki eftir því að hún móti okkur.

Heyra má ákveðinn samhljóm í orðum viðmælenda í hjá SI og ASÍ og niðurstöður í áströlsku úttektinni. Þar má lesa að í könnun meðal stefnumótunaraðila í atvinnulífinu voru „tveir þriðju hlutar svarenda sem töldu að við ákvarðanatöku lékju pólitískar og stefnumótandi vangaveltur stærsta hlutverkið, ásamt upplýs-

<sup>110</sup> Hagfræðistofnun Háskóla Íslands tók saman fyrir VR, Eflingu og Starfsmenntaráð (2004). *Menntareikningar*. [http://www.vr.is/Uploads/VR/utgefing\\_efni\\_vr/hagfraedistofnun\\_menntareikningar\\_des\\_2003.pdf](http://www.vr.is/Uploads/VR/utgefing_efni_vr/hagfraedistofnun_menntareikningar_des_2003.pdf)

ingum eða rannsóknarniðurstöðum í um helmingi tilvika til að styðja ákvarðanir sem þegar hafi verið teknar“.

### V. 3. 3. Ólíkt umhverfi

Í áströlsku könnuninni var m.a. skoðað hverjar helstu ástæður væru fyrir því að ekki væru notaðar rannsóknir við ákvarðanatöku í atvinnulífinu. Helst var vísað til að umhverfið einkenndist af miklum hraða, væri flókið og síbreytilegt. Þannig væri vinnuferli rannsóknarvinnunnar of langt og tímafrekt, niðurstöður rannsókna kæmu iðulega of seint fyrir stefnumótunaraðila. Einnig kom fram í könnuninni að starfsmannavelta minnki líkur á notkun rannsóknar við ákvarðanatöku þar sem uppsöfnuð þekking, hæfni og vinnubrögð færu út úr fyrirtækjum. Sjá má ákveðinn samhljóm í niðurstöðum áströlsku könnunarinnar og því sem fram kom í viðtölum. Þar var talað um tímaleysi stjórnenda fyrirtækja sem þýddi að þeir gæfu sér ekki tíma í að lesa niðurstöður rannsókna. Þá kom fram að helstu hindranir í samskiptum eða samstarfi aðila í atvinnulífinu og opinberra aðila fælust í ólíku umhverfi hins opinbera og atvinnulífsins, ekki síst með tilliti til hraða breytinga. Talað var um tregðu í kerfinu og erfitt væri að koma breytingum í gegn. Þessi tilvitnun endurspeglar þessi viðhorf:

Í eðli sínu er mjög mikil tregða í kerfinu. Þetta er svona eins og að breyta stefnu á flugmóðurskipi að ætla sér að breyta hefðum gagnvart því hvernig fólk er menntað. Þannig að það gerist ekkert þó þú breytir stefnu, að þetta tekur langan, langan tíma að ná í gegn. ... Lögin frá 1996 um framhaldsskóla eru fín, en svo kemur aftur að framkvæmdinni og þar hefur atvinnulífið og iðnaðurinn miklu minni þolinmæði en opinbera kerfið. ... Við viljum trekkja upp ráðuneytin svo þau gangi í takt við okkur þó svo margt jákvætt hafi gerst á þeirra vettvangi.

Viðmælandi úr menntamálaráðuneyti taldi að á síðustu 8–10 árum hefði skilningur aukist á því að stefnumótun og námskráargerð væru ekki hrist fram úr erminni og að það þurfi að undirbyggja ákvarðanatökur sæmilega vel og taka tíma til að ná sáttum. Því gengju ráðuneyti og atvinnulíf mun betur í takt nú og að báðir aðilar hefðu lært nokkuð af hinum.

Ólíkar skoðanir viðmælenda á notkun rannsókna við ákvarðanatöku styðja það sem lesa má í áströlsku úttektinni, að áhrif rannsókna á stefnumótun grundvallist fyrst og fremst á tengslum milli rannsókna og þeirra sem taka ákvarðanir. Þannig sýndu niðurstöður að ef rannsókn er framkvæmd innan tiltekinnar stofnunar þar sem stefnumótun fer fram eru meiri líkur á því að hún verði notuð við stefnumótunarvinnu samþanber verkefni starfsgreinaráða og vinnu ráðgjafa. Einnig kemur fram í áströlsku rannsókninni að áhrifa rannsókna gæti í ríkara mæli ef tengsl milli aðila (rannsókna og þeirra sem taka ákvarðanir) eru ekki einungis í lok rannsóknar heldur líka á undirbúningsstigi og meðan á rannsókn stendur.

## VI. Samantekt og umræður

Meginmarkmið úttektarinnar er að kortleggja umfang og eðli rannsókna og nýbreytni á sviðinu. Nánar tiltekið eru markmiðin:

- að kortleggja umfang og eðli rannsókna og nýsköpunarstarfs á sviði fræðslu- og menntamála og vekja máls á þeim sviðum þar sem rannsóknir skortir.
- að skoða stöðu rannsókna með hliðsjón af ólíkum markhópum, vinnuumhverfi og vinnuferli rannsókna.
- að kanna hvað hvetur til nýsköpunar í skólum og atvinnulífi og tengsl nýbreytnistarfs við menntarannsóknir.
- að varpa ljósi á þýðingu og notagildi rannsókna fyrir stefnumótun og starfsemi skóla og annarra fræðsluaðila.
- að hvetja til umræðu um rannsóknir og nýsköpunarstarf á sviði fræðslu- og menntamála með því markmiði að efla þær.

Í þessari skýrslu höfum við skoðað þær rannsóknir sem framkvæmdar eru í atvinnulífinu. Rætt hefur verið um vettvanginn og stöðu fræðslu í atvinnulífi. Umfang og eðli verkefna voru tekin til umfjöllunar. Tengsl atvinnulífs og fræða voru skoðuð. Loks var rætt um ákvarðanatöku og stefnumótun byggða á rannsóknnum.

### Vettvangurinn og samstarf

Framboð á fræðslu í atvinnulífinu og skipulag þess er í örri þróun. Mikilvægi samstarfs launþega og atvinnurekenda í menntamálum kom ítrekað fram. Samstarfi aðila á vinnumarkaði í menntamálum eru samt vissar skorður settar ef horft er til samkeppnissjónarmiða. Þannig töldu viðmælendur að aðilar hefðu sameiginlega hagsmuni af því að styðja tiltekna grunnmenntun sem auki almenna starfshæfni, en önnur menntun væri til þess fallin að auka samkeppnishæfni fyrirtækja og því hafi þeir ekki alltaf hagsmuni af slíku samstarfi. Almenn tölðu viðmælendur aukið samstarf aðila í atvinnulífinu sem og við stjórnvöld um menntamál til hagsbóta fyrir alla aðila. Kallað var eftir ábyrgð stjórnvalda á grunnmenntun einstaklinga sem og upplýsingamiðlun um námsframboð. Einnig var bent á nauðsyn þess að tryggja vettvang til samræðu aðila atvinnurekenda, launþega og ríkis þar sem unnið væri að stefnumótun í starfs-, endur- og símenntun og fullorðinsfræðslu. Við mótun menntastefnu væri nauðsynlegt að horfa til þróunar og þarfa atvinnulífs.

### Vinnulag og dreifing niðurstaðna

Almennt þykir skortur á þekkingu og rannsóknum á vinnumarkaði á sviði fræðslu- og menntamála í atvinnulífinu. Þá virðist víða pottur brotinn varðandi dreifingu og miðlun þekkingar. Þannig er dreifing á niðurstöðum talin tilviljunarkennd og hefð fyrir formlegum birtingum ekki sterk. Einnig felur þetta í sér að hluti kerfisbundinnar upplýsingaöflunar í atvinnulífinu er ekki formlega birtur heldur einungis ætlaður til innanhússvinnu.

Sökum þessa endurspeglar fjöldi birtinga engan veginn alla þá upplýsingaöflun og kerfisbundnu athuganir sem unnar eru víða í atvinnulífinu. Hjá tilteknum aðilum í atvinnulífinu er sérstök áhersla lögð á dreifingu og ef um er að ræða stærri verkefni og rannsóknir er lögð áhersla á víðtæka kynningu og þátt fjölmiðla í henni.

### Tengsl við háskóla

Háskólasamfélagið virðist á heildina litið „*ekki aðgengilegt*“ en aðilar á vinnumarkaði hafa lýst yfir áhuga á því að efla tengsl við háskólastigið. Samstarfið virðist þó alfarið undir viðkomandi háskólakennara komið, hvort hann tengist atvinnulífinu á einhvern hátt og enginn formlegur vettvangur er til. Þá gagnrýna aðilar í atvinnulífinu háskólastigið einnig fyrir val á viðfangsefnum og telja oft erfitt að sjá hagnýtingu eða gagnsemi rannsókna fræðimanna í háskólum. Bent er á Viðskiptaháskólann á Bifröst, Rannsóknþjónustu HÍ og Háskólann í Reykjavík sem dæmi um aukin samskipti atvinnulífs og háskóla. Við HR og Bifröst eru innbyggð tengsl við atvinnulíf í gegnum rannsóknir og kennslu og er framgangskerfi kennara þannig uppbyggt að það stuðlar að tengslum við atvinnulífið.

### Tengsl við stefnumótunaraðila

Almennt voru viðmælendur á einu máli um að sífellt meiri áhersla væri á notkun upplýsinga til grundvallar stefnumótun, jafnvel þótt hefð fyrir hefðbundinni rannsóknavinnu í atvinnulífinu væri ekki sterk. Meðal viðmælenda í atvinnulífi var áberandi hvernig allar umræður um rannsóknir voru tengdar hagnýtingu þeirra og gagnsemi. Þeir sögðu yfirleitt að í reynd væru engar sérstakar hindranir í tengslum við rannsóknir ef verkefnið væri talið gagnlegt. Í tengslum við helstu hindranir í samstarfi aðila í atvinnulífinu og opinberra aðila um rannsóknir á sviði menntamála eða menntamál almennt var helst vísað í ólíkt umhverfi þar sem atvinnulífið einkenndist af hröðum breytingum og „*óþolinmæði*“ atvinnulífsins gagnvart tregðu til breytinga í opinberu kerfi.

## VII. Álitamál

Rannsóknir í fræðslu- og menntamálum í atvinnulífi eru að aukast og ljóst er að meiri vilji til að stunda rannsóknir er fyrir hendi nú en fyrir nokkrum árum. Vaxtarverkir í rannsóknum endurspeglar örar breytingar á fræðsluframboði og uppstokkun sem nú stendur yfir í þeim háskólum sem standa atvinnulífinu næst. Álitamál eru nokkur, svo sem spurning um ábyrgð á ýmsum þáttum eins og vali á rannsóknarefni, dreifingum niðurstaðna og fjármögnun.

### *Gagnasöfnun og ábyrgð*

Gæði upplýsinga sem liggja fyrir um fræðslustarfsemi er eitt viðmið um mikilvægi og umfang starfseminnar. Gagna má afla eða þau gerð aðgengileg á nokkrum þrepum, hjá einstaklingum, iðkendum eða stefnumótunaraðilum. Merki eru um þróun á öllum stigum. Reynt er að betrubæta skráningu um einstaklinga, sérstaklega í tengslum við nýja áherslu á raunfærni. Samráð um val á rannsóknarefni er þó enn á frumstigi.

Mál sem tengjast gagnasöfnun eru spurningar um ábyrgðaraðila og hver græðir á því að upplýsingum sé safnað. Þarfir markaðarins hafa hlutverki að gegna í rannsóknnum en flestar rannsóknir tengjast menntakerfi og stjórnsýslu. Lítið er um rannsóknir á námi og kennslu og einstaka námssviðum. Meira en helmingur af þeim skýrslum sem fengust til greiningar tengdist framhaldsskólum og þriðja stigs menntun, fullorðinsfræðslu og símenntun, en í heild eru þær samt mjög lágt hlutfall af menntarannsóknnum á Íslandi, ekki síst vegna þess að einungis örfáir rannsakendur í háskólum eða stofnunum veita fræðslu í atvinnulífi athygli.

### *Samstilling, samvinna og samstarf*

Gagnkvæmur skilningur og samvinna voru nefnd sem þema í mörgum viðtölum og voru tekin sérstaklega til umræðu á málþinginu. Myndlíkingar sem notaðar voru gáfu tilefni til umhugsunar. Nefnd var þörf fyrir brú eða torg til að skiptast á upplýsingum og vettvang til samráðs. Þá vakna spurningar um hvenær eða hvort mismunandi aðilar séu tilbúnir til að starfa saman að sömu markmiðum (*e. collaboration*), vinna hlið við hlið að eigin markmiðum (*e. cooperation*) eða hvort þeir vilja bara vita hvað hinir séu að gera (*e. coordination*) til að nýta betur tíma og fjármögnun.

Ástandið og orðræðan bera vott um stöðu menntamála og menntarannsókna í atvinnulífinu. Fólk er ekki sammála um að það sé allra hagur að vinna að sömu markmiðum eða axla ábyrgð saman; þess í stað er unnið að mörgum markmiðum og ábyrgð dreift víðar. Samkeppni milli fyrirtækja hefur hlutverk að leika hér, þar sem þekking er verðmæti og aukin þekking leiðir til virðisauka. Annar þáttur er hlutverk stjórnvalda. Ísland er smáþjóð og margir gera ráð fyrir að stjórnvöld taki forystu um stefnumótun, hvort sem er í menntamálum eða í rannsóknnum, og fjármagni málefni til fræðslu og rannsókna. Nauðsynlegt er að ræða hvort þetta eigi að vera svona á Íslandi þar sem breytingar eru örar í atvinnulífi en kannski ekki eins örar hjá stjórnvöldum. Ábyrgð einstakra rannsakenda og vilji þeirra til rannsóknarsamstarfs á einnig að vera til umræðu. Mikilvægt er að ræða um val og áherslur í rannsóknnum. Allir eru sammála um að skapa þurfi samráðsvettvang um rannsóknir.

### *Atvinnulífið, háskólasamfélagið og stefnumótun*

Hlutverk háskólanna í menntarannsóknnum í atvinnulífi er ekki ótvírætt. Tengslin milli stefnumótunaraðila og aðila í atvinnulífi virðast vera dálítið vandræðaleg. Val á viðfangsefni, fjármögnun rannsókna og hugsanlegur ávinningur er allt til umræðu.

Rannsóknir má flokka sem grunnrannsóknir eða hagnýtar rannsóknir. Í atvinnulífi er áhersla á hagnýtar rannsóknir og hvort þær koma fyrirtæki eða fagsviði að gagni. Grunnrannsóknir í atvinnulífi á Íslandi má rekja til örfárra einstaklinga. Þetta gæti breyst vegna framboðs á MBA-námi og meiri áhuga í háskólum á mannauðsstjórnun, leyndri þekkingu og þekkingarsamfélaginu. Er til dæmis hagkvæmt að hvetja til rannsókna á völdum sviðum fræðslumála í atvinnulífi eða er rétt að leyfa akademísku frelsi í háskólum að ráða?

Það er einnig hægt að flokka rannsóknir eftir því hvort þær eru unnar að beiðni annarra, kannski stefnumótunaraðila, eða eftir eigin áhuga. Oft eru þær ræddar einungis innanhúss og eru ekki birtar. Niðurstöður fara ekki í gegnum jafningjarýni, sem er gæðastimpill fræðimannasamfélagsins. Það virðist þó samt vera vaxandi skilningur á því að það er hvorki skynsamlegt að fjárfesta um 0,5 m.kr í símenntun, starfsmenntun og fullorðinsfræðslu né 50 m.kr. í þróunarverkefnum án þess að stunda mat og rannsóknir á þeim fyrirbærum. Órætt er hvar frumkvæði, vald og ábyrgð í þeim málum skuli vera.

## Fylgiskjal

Leitað var eftir upplýsingum/birtingum um menntarannsóknir hjá eftirtöldum stofnunum:

Alþýðusamband Íslands	KPMG
Byggðastofnun – Þróunarsvið	Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri
Efling	Landsbókasafn Íslands, Háskólabókasafn
Endurmenntunarstofnun HÍ	LandsMennt
FA Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	Landsskrifstofa Leonardó
Farskóli Norðurlands vestra	Landspítali – Skrifstofa kennslu, vísinda og þróunar
Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga	Leikskólar Reykjavíkur
Félags- og skólaþjónusta Þingeyinga	Listaháskóli Íslands
Félagsmálaráðuneyti	Markviss
Félagsvísindastofnun HÍ	Menningar- og fræðslusvið Akraness
Félagsþjónustan í Reykjavík – Þróunarsvið	Mennt – Samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla
Fjölmenningarsetur Vestfjörðum	Menntafélagið ehf.
Fjölmennnt	Menntamálaráðuneytið
Fornleifastofnun Íslands	Menntastofa
Framvegis	Mentor ehf.
Fræðslu- og menningarsvið Borgarbyggðar	MFA-skólinn
Fræðslu- og menningarsvið Seltjarnarness	Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
Fræðslumiðstöð Reykjavíkur	Mímir-Símenntun
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	Námsflokkar Reykjavíkur
Fræðslunet Austurlands	Námshagnastofnun
Fræðslunet Suðurlands	Námsmatsstofnun
Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar	Orðabók Háskólans
Fræðslusvið Kópavogsbæjar	PriceWaterHouseCoopers
Fræþing, Fræðslumiðstöð Þingeyinga	RALA
FUM – Félag um menntarannsóknir	Rannsóknþjónusta HÍ
Garðyrkjuskóli ríkisins	Rannsóknastofnun HA
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	Rannsóknarstofnun KHÍ
Grunnur – Samtök forstöðumanna skólaskrifstofa	Rannsóknir og greining
Hagfræðistofnun	Ríkisendurskoðun
Hagstofan	Samband íslenskra sveitarfélaga
Háskólinn á Hólum	Samtök atvinnulífsins
Háskólinn í Reykjavík	Samtök iðnaðarins
Heilsugæslustöðin á Akureyri	Símennt.is
IBM/Parx	Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar
Iðntæknistofnun – Fræðsludeild	Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi
IMG Gallup	Símenntunarstofnun KHÍ
Íslensk málstöð	Síminn
Íslensku menntasamtökin	Skóla- og fjölskylduskrifstofa Ísafjarðarbæjar
Kennsluráðgjafar	Skóladeild Akureyrarbæjar

Skólaskrifstofa Austurlands  
Skólaskrifstofa Garðabæjar  
Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar  
Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar  
Skólaskrifstofa Siglufjarðar  
Skólaskrifstofa Suðurlands  
Skólaþjónusta Austur-Húnavatnssýslu  
Skólaþjónusta Eyþings  
Skólaþróunarsvið HA  
Starfsafl  
Starfsgreinaráð – Björgunar-, öryggis- og löggæslugreinar  
Starfsgreinaráð – Bygginga- og mannvirkjagreinar  
Starfsgreinaráð – Farartækja- og flutningsgreinar  
Starfsgreinaráð – Fjármála-, skrifstofu- og verslunargreinar  
Starfsgreinaráð – Heilbrigðis- og félagsgreinar  
Starfsgreinaráð – Hönnunar- og handverksgreinar  
Starfsgreinaráð – Matvæla- og veitingagreinar  
Starfsgreinaráð – Málm-, véltækni- og framleiðslugreinar  
Starfsgreinaráð – Náttúrunýting  
Starfsgreinaráð – Rafiðngreinar  
Starfsgreinaráð – Sjávarútvegs- og siglingagreinar  
Starfsgreinaráð – Snyrtigreinar  
Starfsgreinaráð – Uppeldis- og tómstundagreinar  
Starfsgreinaráð – Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar  
Starfsmenntaráð  
Stofnun Sigurðar Nordals  
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar  
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar  
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps  
Tónlistarskólinn í Reykjavík  
Tónmenntaskóli Reykjavíkur  
Tækniháskóli Íslands  
Útey – Skóla- og ráðgjafarþjónusta  
Verzlunarmannafélag Reykjavíkur  
Viðskiptaháskólinn Bifröst  
Vinnueftirlit ríkisins  
Vinnumálastofnun